



ÁRSSKÝRSLA

1999

REYKJAVÍK 2000

Prentun og bókband:
STEINDÓRSPRENT-GUTENBERG EHF.

Gefið út af Seðlabanka Íslands, Kalkofnsvegi 1, 150 Reykjavík.

Sími: 569 9600

Netfang: sedlabanki@sedlabanki.is

Símbréf: 569 9605

Veffang: www.sedlabanki.is

EFNISYFIRLIT

5	<i>I</i>	<i>Stefnan í peningamálum</i>
		<i>Rammagrein:</i>
17		Nýjar lausafjárreglur tóku gildi í árslok 1999
22	<i>II</i>	<i>Fjármálakerfið</i>
30	<i>III</i>	<i>Ýmsir þættir í starfsemi bankans</i>
43	<i>IV</i>	<i>Afkoma Seðlabanka Íslands, stjórn og starfslið</i>
51		<i>Ársreikningur Seðlabanka Íslands 1999</i>
		<i>Viðaukar:</i>
63		Fjármálaannáll 1999
67		Fréttir Seðlabanka Íslands árið 1999
69		Ritaskrá Seðlabanka Íslands árið 1999
71		Töfluviðauki (sjá yfirlit á bls. 72)

STEFNAN Í PENINGAMÁLUM

I


Sterk merki um ofpenslu í þjóðarbúskapnum einkenndu öðru fremur árið 1999. Skýrar vísbendingar um ofpenslu komu reyndar fram árið áður og birtust fyrst og fremst í miklum halla á viðskiptajöfnuði og vaxandi spennu á vinnumarkaði. Vöxtur þjóðarútgjalda hægði reyndar nokkuð á sér á árinu 1999 en ekki nægilega mikið til að draga úr því ójafnvægi sem myndaðist árið 1998. Hlutfall viðskiptahallans af landsframleiðslu hélst nánast óbreytt á milli ára. Að auki beindist eftirspurn í auknum mæli að neyslu og fjárfesting varð tengdari innlendri eftirspurn en áður. Hagvöxtur varð verulegur á árinu, fjórða árið í röð, eða nærri 4½%. Fljótlega á árinu tók neysluverðlag að hækka ört og þótt ytri aðstæður ættu þar nokkurn hlut að máli er ljóst að innlend eftirspurn og kostnaðarþróun var meginástæða verðbólgunnar. Seðlabankinn brást við þessum aðstæðum með því að herða verulega aðhald peningastefnunnar og má telja víst að ella hefði verðbólga aukist enn meira en raun varð á. Undir lok ársins hafði þó enn ekki dregið nægilega úr vexti innlestrar eftirspurnar. Vöxtur peningamagns og útlána var enn mjög mikill, þótt heldur hafi verið farið að draga úr honum. Þótt staða opinberra fjármála hafi verið sterk á árinu, sem skýrist einkum af hagvexti og eignasölu, hefði hún þurft að skila enn meira aðhaldi miðað við ríkjandi aðstæður. Samkvæmt mælikvörðum Seðlabankans á aðhald stefnunnar í ríkisfjármálum átti sér stað nokkur slökun á árinu.


Verðbólga jókst...

Verðbólga jókst verulega og hækkaði vísitala neysluverðs um 5,8% á árinu 1999, sem er mesta verðbólga á einu ári síðan 1991. Aukna verðbólgu má að nokkru leyti rekja til breytinga utan áhrifasviðs stjórnvalda, en fyrst og fremst er hún þó afleiðing ofpenslu í þjóðarbúskapnum. Tæplega 1% af verðbólgu ársins má rekja til hækkunar á bensínverði á erlendum mörkuðum sem hagstjórn fær ekki við ráðið. Einnig má segja að sérstakar aðstæður á húsnæðismarkaði, sem meðal annars stöfuðu af miklum búferlaflutningum til höfuðborgarsvæðisins, hafi átt sinn þátt í því að verðbólga mældist svo mikil. Áhrif þessarar þróunar á vísitölu neysluverðs eru óeðlilega mikil vegna þess að eingöngu er tekið mið af

Vísitala neysluverðs

% 12 mánaða %-breytingar





hækkun húsnæðisverðs á höfuðborgarsvæðinu í vísitölu neysluverðs. Hækkun húsnæðisverðs er þó fyrst og fremst vísbending um mikla innlenda eftirspurn. Tæpan þriðjungur hækkunar vísitölunnar má rekja til næstum 15% hækkunar húsnæðisliðar. Samanlagt skýrir hækkun bensín- og húsnæðisverðs því tæpan helming verðbólgu síðasta árs.

Verðhækkun bensíns á erlendum markaði skýrir ekki hvers vegna verðbólga hér á landi jókst langt umfram verðbólgu í helstu viðskiptalöndum, sem máttu þola jafnmikla hækkun bensínverðs og húshitunarkostnaðar að auki. Auk húsnæðisverðs hækkðu flestir aðrir liðir vísitölunnar meira en í viðskiptalöndunum. Verðþróun innlendra og erlendra matvæla átti t.d. verulegan þátt í því að verðbólga á Íslandi jókst á meðan verðlag þeirra hélst tiltölulega stöðugt í Evrópu og Bandaríkjunum. Innlend matvara hækkaði um 6,8% á árinu eða 7,4% ef búvara er undanskilin. Innflutt mat- og drykkjarvara hækkaði á sama tíma enn meira, eða um 7,8%, þótt krónan hafi styrkst, sem hefði átt að stuðla að verðlækkun á innfluttum matvælum. Ráða má af innflutningskýrslum að meðalverð á innfluttum mat- og drykkjarvörum, öðrum en áfengi, hafi lækkað á sama tíma og meðalverð á innfluttum mat- og drykkjarvörum í vísitölu neysluverðs hækkaði.

Verðþróun matvæla í helstu viðskiptalöndum Íslands var allt önnur. Á evrusvæðinu stóð verðlag svo til í stað yfir árið og hjaðnaði töluvert um tíma. Í Bandaríkjunum og á Norðurlöndunum hækkðu matvæli

Tafla I.1 Framlag undirliða til hækkunar vísitölu neysluverðs 1999

	Vísitölubreytingar frá janúar 1999 til janúar 2000 (%)	Hlutfallsleg áhrif á hækkun vísitölu neysluverðs (%)
Búvörur án grænmetis	2,8	3,2
Grænmeti	2,4	0,4
Aðrar innlendar mat- og drykkjarvörur	7,4	8,2
Aðrar innlendar vörur	3,0	2,5
Innfluttar mat- og drykkjarvörur	7,8	4,1
Nýir bílar og varahlutir	1,5	2,1
Bensín	24,7	16,2
Aðrar innfluttar vörur	-0,5	-1,2
Áfengi og tóbak	1,6	0,9
Húsnæði	14,8	31,1
Opinber þjónusta	5,3	10,4
Önnur þjónusta	5,5	21,9
Samtals	5,8	100,0
Innlendar vörur (1-4)	4,4	14,3
Búvörur og grænmeti (1-2)	2,7	3,6
Innlendar vörur án búvöru og grænmetis (3-4)	5,5	10,7
Innfluttar vörur alls (5-9)	3,7	22,2

álíka mikið í verði og annað verðlag og verðhjöðnun varð í Bretlandi og Þýskalandi. Í ljósi verðlagsþróunar í helstu viðskiptalöndum og gengisþróunar krónunnar má ætla að mikil innlend eftirspurn og minni verðsamkeppni sé helsta skýring þess að matvælavæðing hefur hækkað svo mikið.

Verð á þjónustu hækkaði lítið eitt minna en vísitalan í heild, en verðhækkun hennar átti eigi að síður verulegan þátt í því að verðbólga var meiri á Íslandi en í nálægum löndum. Þjónustuliðirnir veiga samtals rúmlega þriðjung í vísitölu neysluverðs og má rekja u.þ.b. þriðjung hækkunar vísitölu neysluverðs á árinu til hækkunar þjónustu.

...og varð langt umfram spár og væntingar í upphafi ársins

Verðbólguuppsveiflan á árinu 1999 kom að verulegu leyti á óvart. Í verðbólguþá Seðlabankans sem birt var í janúar gerði bankinn ráð fyrir 2,2% verðbólgu á árinu. Í endurskoðuðum spám sínum í apríl, júlí og október spáði bankinn sífellt meiri verðbólgu og endanleg niðurstaða varð sem fyrr segir 5,8%. Skekkjur í spám annarra voru með svipuðum hætti.

Verðbólguvæntingar markaðsaðila, eins og þær birtast í mismun ávöxtunar verðtryggðra og óverðtryggðra ríkisskuldabréfa, jukust samfara aukinni verðbólgu. Í upphafi árs var verðbólguálag ríkisskuldabréfa með rúmlega eins árs líftíma 2,4%, en var 4,3% í lok ársins. Bilið á milli væntinga markaðsaðila og spár Seðlabankans jókst um miðbik ársins og má ætla að væntingar markaðsaðila hafi að þessu sinni farið nær raunverulegri verðlagsþróun en spár bankans. Verðbólguvæntingar almennings jukust einnig yfir árið. Í könnunum sem Seðlabankinn lætur gera fyrir sig í janúar, maí/júní og september ár hvert hækkuðu verðbólguvæntingar almennings úr 2,7% í janúar í 5,0% í september.


Viðskiptahallinn varð óhóflegur annað árið í röð

Töluvert dró úr vexti þjóðarútgjalda frá árinu 1998, en ekki nægilega mikið til að hemja viðskiptahallann. Viðskiptahallinn vó hins vegar á móti eftirspurnarspennu af völdum mikillar einka- og samneyslu og olli því að hagvöxtur árið 1999 varð nokkru minni en spáð var. Áhrif viðskiptakjara og annarra ytri skilyrða á þróunina voru fremur lítil, þótt nokkrar sveiflur yrðu innan ársins. Útflutningsframleiðsla sjávarafurða dróst hins vegar saman þriðja árið í röð, en dágóður vöxtur var í annarri útflutningsframleiðslu, t.d. áli og ýmiss konar iðnaðarvöru, og á sumum sviðum þjónustuútflutnings. Þróun viðskiptahallans á árinu bar vott um alvarlega ofpenslu í þjóðarþúskapnum. Það sem olli áhyggjum var ekki einungis stærð hallans heldur hitt að hann stafaði í ríkari mæli en áður af vexti einkaneyslu fremur en fjármunamyndunar. Að auki bar geiraskipting fjármunamyndunarinnar merki ofpenslu á síðari stigum hagvaxtarskeiðs. Þetta er einhver mesti halli sem mælst hefur hjá álfka þróðu landi og Íslandi undanfarna tvo áratugi.¹


Viðskiptahallinn á árinu 1999 var 42,8 ma.kr. og nam 6,7% af vergri landsframleiðslu. Í hlutfalli við landsframleiðslu var hallinn álfka

Verðbólguþá Seðlabanka Íslands fyrir árið 1999

	Hækkun á árinu	Hækkun milli ára
Janúar	2,2	1,9
Apríl	2,8	2,4
Júlí	4,0	3,0
Október	4,6	3,3
Niðurstaða	5,8	3,4



Viðskiptajöfnuður, út- og innflutningur vöru og þjón.



Þjóðhagsyfirlit

Magnbreyting frá fyrra ári

	1998 ¹	1999 ²
Einkaneysla.....	11,0	7,2
Samneysla.....	3,6	4,7
Fjármunamyndun....	25,5	-2,0
Þjóðarútgjöld	12,3	4,7
Útflutningur	2,2	5,8
Innflutningur.....	23,2	6,3
Verg landsframleiðsla	4,7	4,4
Viðskiptajöfnuður, % af landsframleiðslu	-6,8	-6,7

1. Bráðabirgðatölur. 2. Spá.
Heimild: Þjóðhagsstofnun.

mikill og árið áður og mun meiri en spád var fyrst á árinu. Ástæða meiri halla en spád var liggur fyrst og fremst í töluvert meiri eftirspurn og þar með innflutningi, en útflutningur varð einnig heldur minni en Þjóðhagsstofnun hafði spád. Samkvæmt áætlun Þjóðhagsstofnunar jókst einkaneysla um 7,2% og samneysla um 4,7%, hvort tveggja rúmlega 1% meira en spád var í mars 1999. Einkaneyslan var að hluta fjármögnum með lánsfé, enda hækkaði hlutfall skulda heimilanna af ráðstöfunartekjum töluvert á árinu. Samdráttur fjármunamyndunar varð mun minni en í fyrstu spám Þjóðhagsstofnunar. Fjármunamyndun í einka-geiranum færðist í auknum mæli í greinar sem tengjast innlendi eftirspurn fremur en útflutningsframleiðslu. Þannig jókst fjárfesting í verslunar- og skrifstofuhúsnæði o.fl. um 60% og var tvisvar til þrisvar sinnum meiri en fyrir fáum árum. Ennfremur jókst fjármunamyndun hins opinbera verulega eða um 11% og átti því þátt í að kynda undir ójafnvægi þjóðarbúsins, en eðlilegra hefði verið að samdráttur í opinberri fjárfestingu hefði lagst á móti ofpensluöflum. Fjárfesting í íbúðarhúsnæði jókst um 8% og kom sú aukning í framhaldi af stöðnun árið áður og samdrætti á árinu 1997.

Halli á vöruskiptajöfnuði árið 1999 var 22,8 ma.kr. sem var mun meiri halli en fyrstu spár gáfu til kynna. Burtséð frá sveiflukenndum viðskiptum með skip og flugvélar jókst halli á vöruskiptum frá árinu áður. Halli á þjónustujöfnuði varð einnig meiri en vænst var eða 5,5 ma.kr. Þáttgjöld umfram þáttatekjur námu tæpum 17 ma.kr., sem er töluvert aukning halla frá fyrri árum. Aukinn halli á jöfnuði þáttatekna má rekja til þess að vextir af vaxandi stofni erlendra skulda þjóðarbúsins koma þegar til gjalda, en arðurinn af eignamyndun í erlendum verðbréfum er að miklu leyti í formi gengishækkunar verðbréfa sem ekki er talin til þáttatekna í uppgjöri greiðslujafnaðar.²

Vinnumarkaður var þaninn...

Skýr merki um ofpenslu komu fram á vinnumarkaði á árinu. Eftirspurn eftir vinnuafli eins og hún birtist í atvinnukönnunum Þjóðhagsstofnunar jókst meira en undanfarin fimm ár. Þessar kannanir sýna einnig að misþróunin á milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar ágerðist á árinu, því að á landsbyggðinni virtist fremur tilhneiging til fækkunar starfsfólks en fjölgunar. Áberandi skortur var á fólki til þjónustustarfa á höfuðborgarsvæðinu, en á landsbyggðinni virtist ofgnótt starfsfólks í þjónustu. At-

1. Nýja-Sjáland hefur nýlega búið við álíka mikinn og afar langvarandi halla. Meðal annarra landa sem á ýmsum skeiðum hafa haft mikinn viðskiptahalla eru Ástralía og Írland. Á Írlandi, þar sem landsframleiðsla á mann hefur þó þar til nýlega verið mun minni en á Íslandi, var mikill viðskiptahalli í byrjun 9. áratugarins, en undanfarin ár hefur verið afgangur þrátt fyrir mikinn hagvöxt.

2. Í þeim efnum er fylgt alþjóðlegum stöðlum. Uppgjör viðskiptajafnaðar undanfarin ár vék frá alþjóðlegum stöðlum að því leyti að reynt var að meta arðinn af erlendra verðbréfaeign með því að færa óinnleystan gengishagnað af erlendra verðbréfaeign til tekna. Frá þessu hefur nú verið horfið og hafa tölur um jöfnuð þáttatekna fyrri ára verið endurskodaðar til samræmis. Þessi breyting á framsetningu veldur fyrst og fremst breytingum á niðurstöðum ársins 1998.

vinnuleysi leiðrétt fyrir árstíðasveiflum minnkaði jafnt og þétt yfir árið. Atvinnuleysi var 1,8% í desember og er það minnsta atvinnuleysi í þeim mánuði síðan 1990. Árstíðaleiðrétt atvinnuleysi lækkaði úr 2,1% í janúar í 1,6% í desember, hið lægsta síðan í október 1991.

Lítið atvinnuleysi hafði í för með sér skort á vinnuafli í ákveðnum greinum, e.t.v. þó ekki eins mikinn og búast hefði mátt við því að aðstreymi erlends vinnuafls dró úr vinnuafllsskortu í t.d. fiskvinnslu og byggingariðnaði. Útgefnum atvinnuleyfnum til lengri eða skemmri tíma fjölgaði mikið á árinu 1999 eins og undanfarin ár og urðu alls tæplega 3000, samanborið við tæplega 1200 árið 1996. Íslenskir ríkisborgarar erlendis sneru einnig heim í ríkum mæli. Aðfluttir umfram brottflutta á aldrinum 15-74 ára voru 773. Þetta er annað árið í röð sem mismunurinn er jákvæður, en undangenginn áratug voru brottfluttir að jafnaði fleiri en aðfluttir.

Atvinnuþátttaka skv. áætlun Þjóðhagsstofnunar jókst um 0,7% af vinnuaflinu en í vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar í nóvember mældist atvinnuþátttaka svipuð og í nóvember 1998 eða 83,5%. Aldrei hafa fleiri mælst í starfi í vinnumarkaðskönnunum Hagstofunnar. Meðalfjöldi vinnustunda virðist einnig hafa verið nokkuð stöðugur.


...en launaskrið var minna en búast mátti við

Launaþróun á árinu 1999 réðst enn að mestu leyti af þeim kjarasamningum sem gerðir voru árið 1997 og höfðu í för með sér ríflegar launahækkanir. Miðað við launavísitölu Hagstofunnar hækkuðu meðallaun um 6,8% milli áruna 1998 og 1999. Þar af hækkuðu laun á almennum vinnumarkaði um 5,4% en laun opinberra starfsmanna og bankamanna um 8,8%. Launaskrið varð ekki eins mikið á árinu og e.t.v. hefði mátt búast við. Innflutningur vinnuafls og miklar samningsbundnar launahækkanir kunna að hafa ráðið þar miklu um. Áætlað launaskrið á almennum vinnumarkaði var 2% milli fjórða ársfjórðungs 1998 og fjórða ársfjórðungs 1999, sem er ívið meira en verið hefur undanfarin ár. Samanburður á þöruðu úrtaki Kjararannsóknarnefndar sýnir heldur meira launaskrið. Þótt verðbólga ykist verulega á árinu jókst meðal-kaupmáttur á árinu, miðað við launavísitölu Hagstofunnar og vísitölu neysluverðs, um 3,3% frá fyrra ári en 2,3% ef opinberir og bankastarfsmenn eru undanskildir. Síðari hluta ársins hnignaði kaupmætti þó verulega á ný og var kaupmáttur launa almennra launþega á síðasta fjórðungi ársins aðeins lítið eitt meiri en á sama tíma árið áður. Síðastliðin ár hefur tekjuskattshlutfallið lækkað á sama tíma og hækkingu persónuafsláttar hefur ekki fylgt launaþróun.

Raungengi hækkaði mikið á seinni hluta ársins...


Innlent verðlag og launakostnaður hækkuðu umtalsvert meira en verðlag og laun í helstu viðskiptalöndum. Jafnframt leiddi aðhaldssöm peningastefna til þess að nafngengi krónunnar hækkaði að meðaltali gagnvart gjaldmiðlum viðskiptalandanna. Hvort tveggja felur, að öðru óbreyttu, í sér hækkingu á raungengi krónunnar, sem gerir samkeppnisstöðu útflutnings og samkeppnisgreina erfiðari.

Árstíðaleiðrétt atvinnuleysi og atvinnuþátttaka




Launaþróun


12-mánaða %-breytingar



Raugengi krónunnar



Kennitölur hagnaðar og arðsemi hlutafélaga



Þróun vísitölu raugengis yfir ákveðinn tíma gefur grófa vísbendingu um hvernig gengisskilyrði atvinnuveganna hafa breyst miðað við tiltekna upphafsstöðu eða meðaltal. Frá fjórða ársfjórðungi 1998 til sama tímabils 1999 hækkaði raugengi á mælikvarða hlutfallslegs verðlags um 6,5% og um 3,6% á mælikvarða hlutfallslegs launakostnaðar á einingu. Mælt á sömu kvarða hafði raugengi þá hækkað um 10% og 14% frá því að raugengi náði sögulegu lágmarki árið 1994, en var þó enn mjög nálægt meðaltali síðastliðinna 20 ára. Því verður vart ályktað að hækkun raugengis á árinu hafi verið farin að ógna alvarlega samkeppnisstöðu atvinnuveganna, sérstaklega þegar haft er í huga að eðlilegt er að gengi styrkist á tímum góðæris.

...en afkoma í atvinnurekstri var á heildina lítið góð...

Það styður þessa ályktun að útflutningur iðnaðarvöru, bæði stóriðjuafurða og annarrar vöru, óx verulega á árinu og að afkoma fyrirtækja var nokkuð góð, a.m.k. miðað við afkomu fyrirtækja á VPÍ. Hvort tveggja er vísbending um að raugengi hafi lítið verið farið að þrengja að atvinnulífinu. Hagnaður fyrirtækja á Verðbréfaþingi Íslands (VPÍ) af reglulegri starfsemi fyrir skatta jókst úr 4,5 ma.kr. á fyrri helmingi ársins 1998 í 6,5 ma.kr. á sama tíma 1999. Þau gögn sem borist hafa um afkomu síðari hluta ársins gefa til kynna góða afkomu í flestum atvinnugreinum. Þó verður að hafa í huga að góða afkomu sumra fyrirtækja á VPÍ má að nokkru leyti rekja til gengishagnaðar. Raugengi hækkaði mest á síðustu tveimur fjórðungum ársins og vextir hækkuðu, þannig að gera má ráð fyrir að enn frekar hafi hert að þessum fyrirtækjum á síðari helmingi þess, þótt á móti komi að gengishækkunin hefur skilað hagnaði hjá fyrirtækjum með gengisbundnar skuldir. Einnig er rétt að hafa í huga að smá óskráð fyrirtæki sem eru háðari innlendum lánsfjármarkaði en stóru fyrirtækin verða fremur fyrir barðinu á hækkun innlendra skammtavaxta en stór fyrirtæki á VPÍ.

...og mikil bjartsýni ríkti á hlutafjármarkaði


Verðþróun á hlutabréfamarkaði benti ekki til þess að þeir sem áttu viðskipti með hlutabréf á VPÍ hafi talið að afkoma fyrirtækja væri að versna. Úrvalsvísitala VPÍ hækkaði um 47%, en hlutabréf á sviði upplýsingatækni, fjármálaþjónustu og olíuverslunar hækkuðu mun meira. Hlutabréf fyrirtækja í verslun og þjónustu og í sjávarútvegi hækkuðu hins vegar hóflega eða um 11% og 12%. Hlutabréf í þeim sjávarútvegsfyrirtækjum sem að öllu eða verulegu leyti hafa byggt á vinnslu uppsjávarfiska og rækju lækkuðu í verði. Ekki er að sjá að hækkun vaxta, vaxandi verðbólga eða spár um minni hagvöxt hafi haft áhrif á verðþróun hlutabréfa eins og búast hefði mátt við. Lágir raunvextir verðtryggðra langtímabréfa og lítið framboð ríkisskuldabréfa beindu fjárfestingu stofnanafjárfesta hins vegar að hlutabréfamarkaðnum auk þess sem breytingar á lífeyrissjóðakerfinu á liðnum árum hafa stuðlað að aukinni spurn eftir hlutabréfum.

Mikil gróska á hlutabréfamarkaði á síðasta ári kom ekki síður fram

í mikilli aukningu markaðsvirðis og veltu. Dýpt og virkni markaðarins jókst því til muna. Svipuð aukning varð á markaðsvirði skráðra hlutafélaga og undanfarin ár þótt þeim fjölgaði ekki að marki. Hlutfall markaðsvirðis af landsframleiðslu jókst úr 36,4% í árslok 1998 í 53% í árslok 1999. Öran vöxt má m.a. rekja til einkavæðingar opinberra fyrir-tækja. Velta á VÞÍ rúmlega þrefaldaðist á milli árunna 1998 og 1999, enda skiptu hlutabréfin nær tvöfalt oftar um eigendur. Enn meiri aukning varð í utanþingsviðskiptum. Veltuhraðinn var þó enn mun minni en almennt gerist á erlendum hlutabréfamörkuðum.

Slökun varð í ríkisfjármálum

Afkoma ríkissjóðs batnaði úr 9 ma.kr. halla 1998 í 16 ma.kr. afgang samkvæmt bráðabirgðatölum fyrir 1999. Afkomubattinn stafar fyrst og fremst af meiri sölu eigna, minni lífeyrisfærslum og hagvexti. Þar sem lífeyrisfærslurnar og sala eigna eru í eðli sínu tímabundin, er eðlilegt að halda slíkum útgjöldum til hliðar. Sé einungis reiknað með venjubundnum lífeyriskostnaði bæði árin og tekjum af eignasölu sleppt er breytingin mun minni, eða úr 5½ í 7 ma.kr. Afgangur til niðurgreiðslu lána var 26 ma.kr., en 17 ma.kr. árið 1998 þegar lánahreyfingar voru hagstæðar.



Tafla I.2 Yfirlit ríkisfjármála 1998-1999

Rekstrargrunnur, % af VLF


	1998	Fjárlög 1999	Bráðab. 1999
Tekjur	30,8	29,3	32,3
Gjöld	32,3	28,9	29,8
Tekjuafgangur	-1,5	0,4	2,5
Leiðréttur afgangur ¹	0,9	0,4	1,1
Hreinn lánsfjárafgangur	2,9	2,6	3,2

1. Án söluhagnaðar og óvenjulegra lífeyriskuldbindinga.


Tekjur ársins 1999 urðu 208 ma.kr., sem er 17,5% meiri tekjur en árið áður og 12,5% meiri en gert var ráð fyrir á fjárlögum. Verulegur hluti tekjuaukans skýrist af eignasölu. Eignasala nam alls um 16 ma.kr. og vó þar þyngst sala á 51% hlut í FBA og 15% hlut í ríkisviðskiptabönkunum. Án eignasölu voru tekjurnar 195 ma.kr., eða 9,6% hærri en árið áður. Meiri hagvöxtur en í forsendum fjárlaga skýrir auk eignasölu að verulegu leyti hvers vegna tekjur jukust meira en áætlað var. Nafnvirði landsframleiðslu óx um tæplega 9% milli ára, en í forsendum fjárlaga var gert ráð fyrir 7½%.

Útgjöld jukust einnig meira en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Samkvæmt fjárlögum var reiknað með að gjöld án sérstakra lífeyrisfærslna yrðu 179 ma.kr. og myndu hækka um 3,6% milli ára, en niðurstaðan varð 188 ma.kr. og 9% hækkan. Einkum jukust útgjöld til heilbrigðismála meira en áætlað var. Um helmingur af 9,5 ma.kr. heildarhækkun útgjalda stöfuðu af hækkan reglubundinna útgjalda í heilbrigðiskerfinu

Mælikvarðar á aðhald í fjármálum hins opinbera



Tekjuafgangur og hreinar skuldir hins opinbera



og fóru þau næstum 11% fram úr fjárlögum. Hagvöxtur á árinu 1999 var meiri en staðist getur til lengdar. Til þess að meta hvort aðhald í ríkisfjármálum hafi verið nægilega mikið miðað við ástand efnahagsmála má skoða raunveruleg útgjöld með hliðsjón af þeirri kröfu að hlutfall tekna af landsframleiðslu haldist óbreytt og raunútgjöld aukist ekki umfram fólksfjölgun. Til þess að fullnægja þessari kröfu hefði afgangurinn þurft að vera 14 ma.kr. Í reynd varð hann u.þ.b. 7 ma.kr. Á þennan mælikvarða varð því slökun í ríkisfjármálum annað árið í röð. Krafan um að raunútgjöld fylgi fólksfjölgun er ströng í ljósi þess að þegar landsframleiðsla á mann vex má gera ráð fyrir að laun og bótakröfur hækki umfram landsframleiðslu. Á móti kemur að minna atvinnuleysi dregur úr útgjöldum til atvinnuleysistrygginga.

Önnur leið til að meta áhrif árferðis á afkomu ríkissjóðs er að meta hve mikill hallinn hefði orðið ef hagvöxtur hefði fylgt áætlaðri framleiðslugetu. Sé afkoman þannig leiðrétt fyrir hagsveiflunni var um lítills háttar halla að ræða, en miðað við fyrirliggjandi spár um hagvöxt telst toppi hagsveiflunnar hafa verið náð á árinu. Meiri hagvöxtur en í meðal-árferði skýrir því 6 ma.kr. reiknaðan afgang (án eignasölu og óvenjulegra lífeyrisskuldbindinga með meiru) að fullu og rúmlega það. Árið 1998 varð hins vegar lítills háttar afgangur að teknu tilliti til hagsveiflu. Við þetta má bæta að þegar viðskiptahalli er mikill felur sveifluleiðrétt- ing af því tagi sem að framan greinir sennilega í sér vanmat á áhrifum hagvaxtar á tekjustofna ríkisins.

Staða sveitarfélaga var áfram erfið á árinu 1999 en virðist þó hafa skánað heldur. Halli á rekstri þeirra virðist hafa verið rúmum 3 ma.kr. á móti 4,3 ma.kr. 1998. Erfiðleikar sveitarfélaganna eru þó að nokkru leyti tímabundin afleiðing mikillar fjárfestingar í skólahúsnæði, og þau njóta ekki góðærisins í jafn ríkum mæli og ríkið. Sum sveitarfélög eru í miklum vanda vegna fólksfækkunar þrátt fyrir aukafjárveitingar úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Afgangurinn í rekstri ríkissjóðs gerði vart betur en að jafna upp halla sveitarfélaganna. Þrátt fyrir góðærið varð því einungis lítills háttar afgangur á rekstri hins opinbera í heild, eða sem nam 0,6% af landsframleiðslu. Sé fyrrgreindum mælikvörðum beitt á rekstur hins opinbera var um töluverða slökun að ræða og sveifluleiðrétt afkoma neikvæð. Miðað við þá ofpenslu sem einkenndi árið 1999 veitti rekstur hins opinbera því ekki nægilegt aðhald.

Útlánabenslan hélt áfram...

Árið 1999 einkenndist ekki síst af örum vexti útlána og peningamagns. Útlán lánakerfisins í heild jukust um 17,4% á árinu, en útlán innlánsstofnana mun meira eða um 23,1%. Peningamagn (M3) óx um 17,1%. Um miðbik ársins var vöxtur bæði peningamagns og útlána enn meiri því að heldur dró úr vextinum á síðari helmingi ársins. Árstíðaleiðréttur vöxtur útlána síðustu þrjá mánuði ársins 1999 var 13%. Mikill vöxtur grunnfjár stafaði af tímabundinni aukningu grunnfjár í desember sem rekja má til viðbúnaðar fjármálastofnana við 2000-vandanum.

Tafla 1.3 Helstu peninga- og lánastærðir 1997-1999

Hlutfallsleg aukning (%) yfir tímabil

	1997	1998	1999
Grunnfé Seðlabankans.....	3,1	4,6	75,8
Erlendar skuldir bankakerfisins vegna endurlána.....	33,2	59,9	49,4
Útlán og markaðsverðbréf bankakerfisins.....	16,4	15,0	34,4
M3	8,7	15,8	17,1
M4	11,4	17,8	17,0
Útlán innlánsstofnana.....	12,8	30,3	23,1


Auk venjubundinnar fjármögnunar í gegnum innlán var vöxtur útlána að miklu leyti fjármagnaður með erlendu lánsfé. Má ætla að rúmur helmingur útlánavaxtarins árið 1999 hafi verið fjármagnaður með erlendu lánsfé, eða heldur stærri hluti en árið 1998. Seðlabankafjármögnun útlána innlánsstofnana var neikvæð um 5 ma.kr. á tímabilinu frá desember 1998 til desember 1999. Þótt fjármögnun Seðlabankans sveiflist nokkuð á milli mánaða er a.m.k. ljóst að hún stóð ekki að baki þeim vexti útlána sem varð á árinu.

Öran vöxt útlána innlánsstofnana má bæði rekja til mikillar eftirspurnar og aukins framboðs lánsfjár. Aukið framboð kom einkum fram sem sókn innlánsstofnana eftir aukinni markaðshlutdeild, en útlánageta þeirra jókst eftir að hlutafé í ríkisviðskiptabönkunum var aukið árið áður. Aðhaldssöm stefna Seðlabankans í peningamálum vó þar á móti, en segja má að innlánsstofnanir hafi átt fremur greiða undankomuleið hjá því aðhaldi með því að auka erlenda lántöku.


...og kynti undir eignaverðbólgu

Sem fyrr segir átti hækkun fasteignaverðs á höfuðborgarsvæðinu verulegan þátt í því að verðbólga varð eins mikil á árinu 1999 og raun bar vitni. Fasteignaverð á höfuðborgarsvæðinu tók að hækka ört síðari hluta árs 1998 og á árinu 1999 hækkaði húsnæðisverð um rúmlega fimmtung. Þótt þessi verðuppsveifla hafi að miklu leyti verið tengd eftirspurn og búferlaflutningum má gera ráð fyrir að framboð lánsfjár hafi einnig verið sjálfstæður vaki þessarar þróunar. Þrátt fyrir aðhaldssama peningastefnu voru vextir á húsnæðislánum lágir, einkum í ársbyrjun. Lánastofnanir veittu í auknum mæli fyrirgreiðslu vegna húsnæðiskaupa til viðbótar fyrirgreiðslu opinbera húsnæðiskerfisins. Ennfremur voru útlánareglur opinbera húsnæðiskerfisins rýmkaðar. Mikið framboð lánsfjár kann einnig að hafa átt sinn þátt í því að kynda undir mikla hækkun á gengi hlutabréfa og markaðsverði veiðiheimilda.


Vöxtur peningamagns (M3) og útlána innlánsstofnana



Hækkun fasteignaverðs á höfuðborgarsvæði



Skuldir heimila (% af ráðstöfunartekjum) og fyrirtækja (% af VLF)




Skuldsetning jókst...

Vegna þess að vöxtur innlendrar eftirspurnar var að verulegu leyti knúinn áfram af lánsfé jókst skuldsetning bæði heimila og fyrirtækja á árinu. Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri jukust skuldir heimilanna um 70,9 ma.kr. á árinu og námu 147,3% af áætluðum ráðstöfunartekjum þeirra það ár. Fyrir áratug námu skuldir heimilanna 72% af ráðstöfunartekjum og einungis fimmtungi fyrir tveimur áratugum. Útlán lánakerfisins til fyrirtækja jukust um 26,2%. Einkum jukust skuldir fyrirtækja í verslun og þjónustu og mun láta nærri að skuldir þeirra hafi aukist um $\frac{3}{4}$. Verulegur hluti þeirra skulda var gengistryggður.

...en langtímavextir hækkuðu

Ávöxtun verðtryggðra markaðsskuldabréfa hækkaði nokkuð á árinu 1999 eftir talsverða lækkingu árið á undan. Hækkunin var mismikil eftir skuldabréfaflokkum. Ávöxtun helstu flokka spariskírteina hækkaði yfirleitt um 0,4 prósentustig en minni hækkun varð á ávöxtun húsbrefa. Innan ársins voru nokkrar sveiflur á ávöxtun þessara bréfa. Talsverð lækking varð í janúar en eftir það fór ávöxtun nokkuð jafnt og þétt hækkandi út árið. Í upphafi ársins 1999 voru væntingar um að ávöxtun verðtryggðra markaðsskuldabréfa myndi halda áfram að lækka en ýmsir þættir leiddu til þess að þróunin varð önnur. Dræm eftirspurn lánastofnana eftir markaðsskuldabréfum, m.a. vegna þess að þau voru ekki hæf eign samkvæmt lausafjárreglum, sem Seðlabankinn setti í febrúar, og aukinn áhugi fjárfesta, einkum lífeyrissjóða, á erlendum verðbréfum og innlendum hlutabréfum samfara hækkanði gengi þeirra voru meðal annars þeir þættir sem stuðluðu að vaxtahækkun skuldabréfa.

Dagleg þróun ávöxtunarkröfu á nokkrum markflokkum húsbrefa og spariskírteina



Ávöxtun óverðtryggðra ríkisbréfa hækkaði einnig mikið 1999, talsvert umfram hækkun ávöxtunar verðtryggðra ríkisskuldabréfa. Þar gætti áhrifa aukinnar verðbólgu og verðbólguvæntinga. Sem dæmi var

ávöxtun lengri flokks ríkisbréfa 9,55% í lok ársins sem er um tveggja prósentustiga hækkun frá sama tíma 1998. Viðskipti á eftirmarkaði með spariskírteini minnkuðu á árinu 1999. Einnig var samdráttur í viðskiptum með ríkisbréf en viðskipti með hús- og húsnæðisbréf á eftirmarkaði jukust lítils háttar. Í Evrópu og Bandaríkjunum varð veruleg hækkun áávöxtun ríkisskuldabréfa 1999. Frá upphafi til loka árs 1999 hækkaðiávöxtun 5 og 10 ára ríkisskuldabréfa um 1,3 prósentustig í aðildarlöndum Evrópska myntbandalagsins (EMU) og í Bandaríkjunum um 1,7 prósentustig. Það var því viðsnúningur frá því sem verið hafði 1998 en þá brugðust seðlabankar við efnahagssamdrætti með vaxtalækkunarferli sem náði fram á fyrstu mánuði ársins 1999 auk þess sem stofnun EMU stuðlaði að lækkun vaxta.


Bankavextir hækkuðu umfram stýrivexti Seðlabanka

Á árinu 1999 tóku vaxtahækkunarir á óverðtryggðum útlánum banka og sparisjóða einkum mið af þeim breytingum sem Seðlabankinn gerði á eigin vöxtum. Nafnvextir almennra óverðtryggðra skuldabréfalána þeirra hækkuðu um 2,6 prósentustig að meðaltali en grunnvextir verðtryggðra lána um 0,1 prósentustig að meðaltali. Hækkun vaxta óverðtryggðra skuldabréfalána var rúm 2 prósentustig umfram hækkun stýrivaxta Seðlabankans. Auk þess að fylgja eftir hækkun Seðlabankans kunna þær lausafjárreglur sem Seðlabankinn setti snemma árs 1999 að hafa leitt til vaxtahækkana. Þá var spurn eftir lánsfé mikil og kunna bankar að hafa hækkað vexti til þess að stemma stigu við vexti útlána. Þrátt fyrir þessar vaxtahækkunarir urðu þær ekki eins miklar og aukning verðbólgu á árinu 1999. Vísitala neysluverðs, sem gildir til verðtryggingar, hækkaði um 5,6% 1999 samanborið við 1,3% á árinu 1998. Metin raunávöxtun skuldabréfalána lækkaði því um 2,8 prósentustig milli árána 1998 og 1999, var 8% að meðaltali 1999 en 11,8% 1998. Meðalvextir verðtryggðra lána lækkuðu einnig, voru 8,6% að meðaltali 1999 en 8,8% 1998 og er það í fyrsta skipti í langan tíma sem raunávöxtun óverðtryggðra skuldabréfalána er lægri en grunnvextir verðtryggðra skuldabréfalána. Skýringin er ugglaut sú að verðbólgan varð meiri en vænst var. Vaxtamunur inn- og útlána banka og sparisjóða virðist hins vegar hafa aukist þar eð innlánsvextir hækkuðu minna en útlánsvextir. Af innlánunum hækkuðu vextir svonefndra peningamarkaðsreikninga mest, um tæp 2 prósentustig að jafnaði. Ekki er þar með sagt að vaxtamunur heildareigna og -skulda innlánsstofnana hafi aukist, þar sem verulegur og vaxandi hluti lána þeirra er gengistryggður og þar er vaxtamunur minni en í viðskiptum með íslenskar krónur.


Seðlabankinn herti að í peningamálum...

Seðlabankinn hækkaði vexti sína þrisvar á árinu 1999, fyrst í febrúar, síðan í júní og loks í september, samtals um 1,5 prósentustig. Þrátt fyrir þessar vaxtahækkunarir hafa stýrivextir bankans tæplega náð að fylgja eftir þeim breytingum sem orðið hafa á verðbólguvæntingum á sama tíma. Aðrir vextir á peningamarkaði hafa fylgt vaxtabreytingum Seðla-


Meðalraunvextir skuldabréfalána banka og sparisjóða




Bankaútlánsvextir og stýrivextir Seðlabankans 1999



Viðskipti á peningamarkaði 1998 og 1999



3 mán. peningamarkaðsvextir hér og erlendis 1999



bankans en vextir á 3ja og 6 mánaða millibankalánunum hækkuðu nokkru meira en stýrivextir Seðlabankans. Þar gætti áhrifa lausafjárreglna sem Seðlabankinn setti snemma árs 1999 til að stemma stigu við rýrnun lausafjárstöðu lánastofnana og aukinni notkun erlends skammtímafjár. Lausafjárreglurnar náðu þessum markmiðum og virtust einnig, að minnsta kosti tímabundið, hafa stuðlað að minni útlánaaukningu lánastofnana. Ásamt öðrum þáttum drógu lausafjárreglurnar nokkuð úr viðskiptum með banka- og ríkisvixla.

Lausafjárreglunum var fremur ætlað að stuðla að öryggi í rekstri lánastofnana en að vera peningalegt stjórnæki. Vegna slæmrar lausafjárstöðu lánastofnana átti Seðlabankinn þó von á að reglurnar myndu hægja á vexti útlána meðan þær lögðu lausafjárstöðu sína. Reglurnar settu lágmark á lausafjárstöðu lánastofnana sem hlutfall af ráðstöfunarfé þeirra. Til lauss fjár töldust nettókröfur á innlendar og erlendar lánastofnanir og ríkisvixlar og innstæðubréf til skemmri tíma en 90 daga. Reglurnar voru settar á grundvelli ákvæða í lögum um Seðlabanka Íslands, þar sem skilgreint var hvaða eignir töldust til lauss fjár og hver binditími lausafjäreigna væri. Aðlögunartíma lauk 21. júlí 1999 og var gerð sú krafa að lausafjárhlutfallið væri að lágmarki 1,5%. Reglurnar tóku gildi þann 21. mars 1999 og fyrsti áfangi þeirra fólst í því að lausafjárhlutfallið skyldi að lágmarki vera -12% af ráðstöfunarfé. Lágmarkið hækkaði í áföngum 21. hvers mánaðar um 3 prósentustig nema í síðasta áfanga aðlögunartímabilsins sem hófst 21. júlí þegar það hækkaði úr -3% í 1,5% af ráðstöfunarfé. Seðlabankanum var ljóst að þessar reglur höfðu ýmsar óæskilegar hliðarverkanir, þar sem þær gerðu greinarmun á markaðsverðbréfum sem í mörgum tilvikum má telja að séu auðseljanleg á markaði og ættu því að teljast til lauss fjár. Þetta kann að hafa leitt til þess að vaxtarófið brenglaðist þar sem eignir sem teljast til lauss fjár urðu eftirsóknarverðari en aðrar.

Seðlabankinn þróaði síðan í samstarfi við lánastofnanir nýjar reglur um lausafjárhlutfall sem tóku gildi í lok ársins 1999. Þær byggjast á greiningu á lausafjäreiginleikum eigna og skulda lánastofnana. Samkvæmt þeim skulu lausafjäreignir á þriggja mánaða tímabili, sem framundan er hverju sinni, vera jafnar eða meiri en skuldbindingar sem fallið geta á sama tíma. Áhrif hinna nýju reglna komu strax fram í upphafi ársins 2000, meðal annars í lægri ávöxtun á lengri tímalengdum á millibankamarkaði og auknum viðskiptum á peningamarkaði með ríkis- og bankavixla.

...sem stuðlaði að fjármagnsinnstreymi...

Viðskiptavegin munur skammtímaxta hér og erlendis fór vaxandi þegar leið á árið 1999. Vaxtamunur þriggja mánaða ríkisvixla var 3,5% í upphafi ársins en 5,7% undir lok ársins. Vaxtamunur 3ja mánaða millibankavaxta hér og erlendis fór úr 3,2% í 5,8% á árinu 1999. Auk vaxtahækkana Seðlabankans leiddu lausafjárreglur, sem giltu 1999, til þess að vaxtabilið jókst eins mikið og raun ber vitni.

Samkvæmt bráðabirgðauppjöri Seðlabankans var viðskiptahall-

Nýjar lausafjárreglur tóku gildi í árslok 1999

Seðlabanki Íslands setti nýjar reglur um lausafjárhlutfall bindiskyldra lána- stofnana í desember og gilda þær frá 31. desember. Um leið féllu úr gildi eldri reglur um laust fé bindiskyldra lána- stofnana. Útreikningstímabil, sem lauk 20. desember, var síðasta gildistímabil þeirra. Að hinum nýju reglum er gef- inn aðlögunartími með þeim hætti að viðurlög við vanhöldum leggjast ekki á af fullum þunga fyrir en að þremur mánuðum liðnum.


Frá því vorið 1999 var unnið að undirbúningi hinna nýju reglna í samstarfi við fulltrúa lána- stofnana og Fjármálaeftirlitsins. Til þess að þær gætu tekið gildi þurfti að breyta ákvæðum laga um Seðlabanka Íslands um laust fé lána- stofnana. Frumvarp þess efnis var samþykkt á Alþingi skömmu fyrir jól.

Fyrirmyndir að nýjum lausafjárreglum er að finna hjá seðlabanka Þýska- lands, nefnd á vegum Evrópusambandsins, „Groupe de Contact“ og Alþjóða- greiðslubankanum (BIS). Þær byggjast á öðrum grunni en þær eldri og fela í sér að fram fer heildarmat á lausafjäreignum og lausafjárskuldbindingum lána- stofnana í efnahagsreikningi þeirra auk liða utan hans. Í hinum aflögðu reglum var hins vegar eingöngu tekið tillit til krafna og skuldbindinga milli innlendra og erlendra lána- stofnana innbyrðis og viðskipta lána- stofnana við seðlabanka. Nýju reglurnar eru því enn betur til þess fallnar að tryggja að lána- stofnanir eigi nægjanlegt laust fé til þess að mæta skuldbindingum sínum. Hinar nýju reglur fela ekki í sér minna aðhald að lausafjárstöðu lána- stofnana en eldri reglurnar og með þeim mun draga úr neikvæðum hliðaráhrifum sem eldri reglur höfðu á vaxtamyndun á peninga- og verðbréfamarkaði.


Meginatriði hinna nýju reglna:

1. Laust fé skal flokkað eftir fjórum tímabilum og horft er til lauss fjár næstu tólf mánuði. Tímabilin eru: Laust fé innan eins mánaðar, eftir einn til allt að þriggja mánaða, eftir þrjá mánuði til allt að sex mánaða og eftir sex mánuði til allt að tólf mánaða.
2. Lausafjárhlutfall (hlutfall lausafjárkrafna og lausafjárskuldbindinga) eins og það er skilgreint í reglunum skal reiknað mánaðarlega á grundvelli upplýsinga í lok hvers mánaðar.
3. Mat er lagt á lausafjargildi allra krafna og skuldbindinga sem geta haft annaðhvort markaðsverð eða skilgreindan tekju- eða gjaldastraum.
4. Einstakir liðir efnahagsreiknings og utan hans hafa verið metnir með tilliti til þess hversu auðvelt og tryggt er að koma þeim í laust fé. Liður er met- inn 100% ef hann hefur full áhrif en engin áhrif ef mikil óvissa er um hvort hægt sé að koma honum í laust fé.
5. Út frá vægi hvers lausafjárliðar er laust fé metið í lok hvers mánaðar og þá tekið mið af markaðsverði, stöðu, tekju- eða gjaldastraumum hvers liðar.
6. Gerð er krafa til þess að lausafjárkröfur séu meiri en lausafjárskuldbinding- ar á fyrstu tveimur tímabilunum (sbr. 1. tl.), þ.e. hlutfall krafna og skuldb- bindinga má ekki vera lægra en einn fyrir hvort tímabil um sig. Heimilt er að yfirfæra afgang á fyrsta tímabili yfir á annað tímabil.
7. Ná lausafjárhlutföll ekki tilteknum lágmarksgildum eru reiknuð viðurlög á þær fjárhæðir sem á vantar. Þau samsvara 30 daga vanskilavöxtum eins og þeir eru á hverjum tíma.


Ávöxtun á peningamarkaði 1999



Gjaldeyrisforði og hrein erlend staða Seðlabankans 1999



Vísitala gengisskráningar og ávöxtun endurhverfra verðbréfakaupa 1999




inn 42,8 ma.kr. 1999 samanborið við 40,1 ma.kr. halla árið áður. Í heild var fjármagnsjöfnuður við útlönd á hinn bóginn jákvæður um 58,1 ma.kr. Fjármagnsinnstreymi stafar að mestu leyti af erlendum lántökum lánastofnana og atvinnufyrirtækja en umtalsvert fjárúttreymi var vegna fjárfestingar í erlendum verðbréfum og aukinna innlána í útlöndum. Enginn vafi er á að mikill munur milli innlendra og erlendra vaxta hafði veruleg áhrif í þá átt að auka notkun erlends lánsfjár. Gjaldeyrisforði Seðlabankans jókst um 5,3 ma.kr. á árinu og nam um 35,8 ma.kr. í árslok.

...og gengi krónunnar styrktist

Gengi krónunnar styrktist fyrstu þrjár vikur ársins um tæplega 0,5% en fór síðan lækkandi fram eftir febrúarmánuði þar til að Seðlabankinn hækkaði stýrivexti sína um 0,4 prósentustig 21. febrúar. Krónan styrktist nokkuð í kjölfar vaxtahækkunarinnar en áhrifin urðu minni en ella þar sem Seðlabankinn nýtti innstreymi gjaldeyris í kjölfar vaxtahækkunarinnar til að styrkja gjaldeyrisforðann. Mikið gjaldeyrisúttreymi vegna erlendra verðbréfavíðskipta og tiltölulega lítið fjármagnsinnstreymi vegna lánahreyfinga stuðluðu að veikingu krónunnar seinni hluta vetrar og fram eftir vori og náði gengi krónunnar lágmarki um miðjan maí um 0,3% yfir miðgengi. Þann 21. júní hækkaði Seðlabankinn vexti sína um 0,5 prósentustig í þeim tilgangi að draga úr innlendra eftirspurn, styrkja gengi krónunnar og vinna gegn vaxandi verðbólguþrýstingi. Þessi aðgerð hafði hins vegar lítil áhrif til styrkingar gengis fyrst í stað, ekki síst af völdum tímabundins gjaldeyrisúttreymis vegna verðbréfakaupa erlendis frá. Frá byrjun ágúst fór gengi krónunnar hins vegar hækkandi og enn frekar eftir vaxtahækkun bankans í september. Enn frekari styrking varð í desember og náði hámarki undir lok ársins. Þegar krónan var sterkust var hún rösklega 5% yfir miðgengi.


Mismunur skammtímvaxta hér og erlendis og nettóviðskipti Seðlabanka Íslands á millibankamarkaði með gjaldeyri



Tímabundnir þættir virðast hafa valdið styrkingu krónunnar í desember. Veigamestu þættirnir voru að stofnanafjárfestar fóru sér hægt í erlendum verðbréfa kaupum og lánastofnanir höfðu yfir nægu erlendu lánsfé að ráða. Að auki kann varfærni vegna hugsanlegs 2000-vanda að hafa stuðlað að styrkingu krónunnar.


Viðskipti á millibankamarkaði með gjaldeyri námu alls 468 ma.kr. á árinu 1999 og jukust um 16% frá fyrra ári. Hlutdeild Seðlabankans var um 4% og hefur farið hratt minnkandi frá árinu 1996 þegar hún var um 80%. Veltan á markaðnum sveiflast nokkuð frá einum mánuði til annars en að meðaltali var hún um 40 ma.kr. á mánuði á árinu 1999. Seðlabankinn hefur ekki átt viðskipti á millibankamarkaðnum eftir júní 1999 og því ekki með beinum hætti haft áhrif á gengi krónunnar. Þrátt fyrir mun minni viðskipti Seðlabankans á innlendum gjaldeyrismarkaði á árinu 1999 voru sveiflur í gengi krónunnar minni á árinu en 1998. Hins vegar voru sveiflur gengisins innan dags ekki minni en áður. Meginástæða þessa virðist vera sú að mun meira var um spákaupmennsku á árinu 1999 en áður. Spákaupmenn skilgreina efri og neðri mörk gengisins á hverjum tíma og selja eða kaupa þegar gengið nálgast efri eða neðri mörk þessa viðmiðunarþils. Vegna þessa hefur gengi krónunnar haft tilhneigingu til að sveiflast innan þregra þils en áður og verulegar breytingar innan dags ganga venjulega hratt til baka.

Gengi krónunnar er ákvarðað á millibankamarkaði og endurspeglar framboð og eftirspurn eftir erlendum gjaldeyri hér á landi. Með sífelld minnkandi aðild Seðlabankans að veltu má segja að markaðsákvörðun gengisins byggist á sterkari grunni en áður. Þróun gengisvísitölu, hvort sem er innan dags eða milli tímabila, veitir því Seðlabankanum betri upplýsingar um markaðsaðstæður hverju sinni og þá um leið hvort og hvenær sérstakra aðgerða sé þörf, hvort sem um er að ræða inngríp á millibankamarkaði eða breytingu stýrivaxta Seðlabankans.



Viðskipti á millibankamarkaði með krónur í m.kr.

	1998	1999
O/N	396.400	404.440
T/N	7.400	62.600
S/W	33.550	24.400
1 mán.	4.350	9.300
3 mán.	1.950	2.600
6 mán.	0	3.000
9 mán.	0	0
12 mán.	0	0
Önnur	4.350	900



Gjaldeyrisjöfnuður banka má vera $\pm 30\%$ af eigin fé. Meðalgjaldeyrisjöfnuður allra banka á árinu 1999 var vel innan þessara marka eða um 6,7%.

Millibankamarkaður með krónur eflidist

Millibankamarkaður með krónur hefur verið við lýði hér á landi um alllangt skeið en hann var endurskipulagður í júní 1998. Átta lánastofnanir voru þátttakendur á markaðnum 1999 og skuldbundu sig til þess að sýna leiðbeinandi tilboð í inn- og útlán til eins dags, einnar viku, eins mánaðar, þriggja og sex mánaða. Auk þess skuldbinda aðilar á markaðnum sig, ef annar þátttakandi óskar, til að setja fram bindandi tilboð fyrir tiltekna lágmarksfjárhæðir. Lágmarkstilboð var 50 m.kr. í sex mánaða skuldbindingum en 100 m.kr. í öðrum. Velta á millibankamarkaði með krónur árið 1999 var 503 ma.kr. en frá því að markaðurinn tók formlega til starfa í júní 1998 hafa viðskiptin stórlega aukist. Flest viðskipti eru til eins dags og er hlutfall þeirra af heildarviðskiptum 93%. Velta á mánuði var að meðaltali 41,9 ma.kr. á árinu 1999. Velta fyrstu þriggja mánaða ársins var að meðaltali 46,6 ma.kr. en minnkaði verulega í apríl vegna viðbragða markaðsaðila við setningu lausafjárreglna Seðlabankans og námu viðskipti í þeim mánuði 19 ma.kr. Viðskiptin fóru þó vaxandi eftir því sem líða tók á árið og náðu markaðsaðilar að aðlaga sig breyttum aðstæðum.

Endurhverf viðskipti Seðlabankans jukust

Endurhverf viðskipti Seðlabankans fóru mjög vaxandi á síðustu mánuðum ársins 1999 og var staða þeirra í árslok röskir 36 ma.kr. og hafði aukist um 13 ma.kr. á árinu. Staða endurhverfra viðskipta er jafnan hæst um áramót. Ástæður þessa má rekja til árstíðasveiflu í lausafjárstöðu innlánsstofnana sem að jafnaði stafar af árstíðabundnum breytingum í stöðu ríkissjóðs gagnvart Seðlabankanum og árstíðabundnu gjaldeyris-


REIBOR-vextir í lok hvers mánaðar árið 1999 (%)

	Einn dagur	Ein vika	1 mán.
Janúar	6,27	7,62	7,74
Febrúar	15,85	9,24	8,90
Mars	9,07	8,24	8,61
Apríl	9,11	8,51	8,53
Máí	7,72	8,28	8,47
Júní	9,31	9,24	9,15
Júlí	6,61	8,88	8,88
Ágúst	7,48	9,24	9,37
September	9,03	9,48	9,80
Október	9,03	9,48	9,80
Nóvember	9,98	9,54	11,43
Desember	11,10	11,95	11,96

úttreymi. Óreglulegt innstreymi vegna einkavæðingar ríkisfyrirtækja hefur aukið þessar sveiflur tvö undanfarin ár þar sem það hefur fallið til undir lok árs. Annar þáttur sem stuðlað hefur að aukinni fyrirgreiðslu Seðlabankans við bindiskyldar lánastofnanir er aukning bindifjárhæðar, en á árinu 1999 jukust innstæður á bindireikningum um 4 ma.kr. Þessi aukning endurspeglar að hluta hraðan vöxt lánastofnana 1999 en einnig víkkun bindigrunnnsins sem nær nú til fleiri liða í efnahag lánastofnana og fleiri lánastofnana en áður.

Sérstakar aðstæður ríktu á peninga- og gjaldeyrismörkuðum undir lok ársins

Hugsanlegur 2000-vandi setti af stað hreyfingar á ýmsum peningalegum stærðum. Sem dæmi varð tímabundið mikil aukning á grunnfé Seðlabankans á árinu 1999 eða 15,6 ma.kr. Auk þeirra þátta sem þegar hafa verið nefndir stuðlaði varfærni vegna 2000-vandans einnig að því að lánastofnanir juku endurhverf viðskipti þegar leið að áramótum og byggðu upp stöðu á viðskiptareikningum í Seðlabankanum til þess að mæta hugsanlegum úttektum viðskiptavina. Staða innlánsstofnana á viðskiptareikningum og innlendum gjaldeyriseikningum í Seðlabankanum var um 7,9 ma.kr. hærrí í árslok 1999 en á sama tíma árið á undan.



II

FJÁRMÁLAKERFIÐ

FJÁRMÁLASTOFNANIR OG MARKAÐIR

Í íslensku fjármálakerfi einkenndist árið 1999 öðru fremur af áframhaldandi einkavæðingu banka í eigu ríkisins, af hagstæðum rekstrarskilyrðum lánastofnana og góðri afkomu og af mikilli lánsfjáreftirspurn og miklum vexti útlána sem fjármögnuð voru að stórum hluta með erlendum lánnum. Þrátt fyrir góða afkomu batnaði eiginfjárstaða viðskiptabankanna þriggja¹ lítið og var í auknum mæli mynduð af víkjandi lánnum. Seðlabanki Íslands lagði aukna áherslu á að fylgjast með fjármála-
legum stöðugleika. Auk þess vann bankinn í samvinnu við aðrar fjármálastofnanir að breytingum á innlendri greiðslumiðlun sem miða að því að hún uppfylli alþjóðlega viðurkenndar reglur um öryggi og aðgengi.

Breytingar í íslensku fjármálakerfi

Fjármálaeftirlitið var formlega stofnað í byrjun árs 1999 og fól í sér sameiningu bankaeftirlits Seðlabanka Íslands og Vátryggingaeftirlitsins. Einkavæðingu banka í eigu ríkisins var fram haldið. Á haustmánuðum seldi ríkissjóður þann tæpa helming sem hann átti eftir í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. og í desember seldi ríkissjóður 15% af eign sinni í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. Að þeirri sölu lokinni átti ríkissjóður um 72% hlutafjár í hvorum banka um sig.

Stöðugleiki í fjármálakerfi

Eins og greint var frá í ársskýrslu Seðlabanka Íslands 1998 hefur bankinn lagt vaxandi áherslu á að fylgjast með stöðugleika fjármálakerfisins í heild. Á árinu var unnið áfram að rannsóknum til undirbúnings úttekt á stöðugleika fjármálakerfisins sem birta skyldi í febrúarhefti Peningamála árið 2000. Á árinu 1999 beindist athygli bankans á þessum vettvangi m.a. að fjármögnun útlána lánastofnana, og varaði hann sérstaklega við miklum erlendum skammtímalánum þeirra sem nánar er fjallað

1. Þ.e. Landsbanka Íslands hf., Íslandsbanka hf. og Búnaðarbanka Íslands hf.

um annars staðar í skýrslunni. Bankinn varaði einnig sérstaklega við hröðum útlánavexti lánastofnana. Ástæður viðvarana bankans voru m.a. þær að mikil áhætta getur falist í miklum erlendum skammtímaskuldum, bæði fyrir einstakar stofnanir og fyrir þjóðarþúið í heild. Reynsla er fyrir því að aðgangur að erlendu skammtímalánsfé geti þrengst án fyrirvara og að erfitt geti orðið að endurfjármagna skammtímalán á gjalddaga. Líklegt er að miklum útlánavexti fylgi slakara mat á útlánaáhættu sem leitt getur til útlánatapa í framtíðinni. Þetta er sérstaklega varhugavert þegar lánastofnanir nýta ekki góð rekstrarskilyrði til þess að efla eiginfjárstöðu sína en Seðlabankinn hefur einnig bent á að eiginfjárstaða margra innlendra lánastofnana sé slök um þessar mundir og þær því verr en ella undir það búnað að mæta erfiðari tímum í þjóðarbúskapnum. Sérstaklega sé eiginfjárstaðan að frátöldum víkjandi lánum slök og er eftirtektarvert að á árinu 1999 rýrnaði eiginfjárhlutfallið án víkjandi lána hjá sumum stofnunum.

Útlán lánakerfis jukust mikið

Útlán og innlend verðbréfaeign lánakerfisins jukust mjög á árinu 1999, eða um rúm 17%, og var það framhald sömu þróunar og verið hafði undanfarin ár. Aukningin hafði farið stigvaxandi ár frá ári (sjá töflu 25 í viðauka). Langmest var aukningin á lánum erlendis frá, hvort sem talið er í krónum eða prósentum. Næst kom bankakerfið en aukning útlána þess nam nánast sömu fjárhæð og árið 1998. Lífeyrissjóðir juku útlán sín mun meira en árið 1998. Þessir þrír aðilar mynda rúmlega 60% af útlánnum og innlendri verðbréfaeign lánakerfisins. Heildareignir verðbréfasjóða jukust um 24% á árinu en á næstu tveimur árum þar á undan höfðu þær meira en þrefaldast. Fjárfestingarlánasjóðir samanstanda af Íbúðalánasjóði annars vegar og fjárfestingarlánasjóðum atvinnuvega hins vegar. Íbúðalánasjóður jók útlán sín talsvert meira á árinu 1999 en árið áður en atvinnuvegasjóðir hægðu á útlánaaukningu sinni annað árið í röð.


Skuldir heimila við lánakerfið jukust um 16% á árinu 1999 og er það meiri aukning en undanfarin ár. Þar eiga lán frá bankakerfinu drýgstan hlut, þó minni en árið 1998. Lán frá Íbúðalánasjóði jukust um 14,7% á árinu 1998 sem var mun meira en 1998 eða því sem næst helmingsi meira í krónum talið.



Skuldir atvinnuvega við lánakerfið jukust um 133 ma.kr. á árinu 1999 eða rúm 26%. Munar þar mest um aukningu erlendra lána atvinnuveganna en þau jukust um 34% samanborið við 21% árið áður. Hins vegar hægði á vexti bankalána til fyrirtækja.

Sveitarfélög hægðu á skuldaaukningu sinni á árinu 1999 eftir talsvert mikla aukningu árið 1998. Skuldir ríkissjóðs og ríkisstofnana við lánakerfið lækkuðu um nær 10 ma.kr. á árinu.

Útlán innlánsstofnana jukust sérstaklega hratt þótt úr hafi dregið undir lok ársins

Framan af árinu 1999 hélt ársvöxtur útlána innlánsstofnana áfram með





vaxandi hraða þótt ekki hefði hann verið eins kröftugur og á seinni hluta árs 1998. Eftir apríllök 1999 dvínaði útlánavöxturinn lítils háttar, en jókst svo á ný og náði hámarki í lok ágúst. Úr því dvínaði hann á ný til desemberloka og var 12 mánaða vaxtarhraði útlána í lok ársins 1999 um 23,2% (sjá töflu 17 í viðauka).

Aukning útlána var einungis að hluta fjármögnuð með innlánaaukningu Jafnhliða mikilli útlánaaukningu 1999 juku innlánsstofnanir kröfur sínar á Seðlabankann og aðrar lánastofnanir svo og eignir í markaðsverðbréfum, skuldabréfum og hlutabréfum. Aukning innlána stóð einungis undir tæpum 40% þessarar heildarkröfuaukningar og tóku innlánsstofnanir erlend lán fyrir um 43% aukningarinnar, en verðbréfaútgáfa, önnur innlend lán og breyting á eigin fé og öðru nettó stóðu undir um 17% hennar. Lausafjárstaða innlánsstofnana stóð hins vegar nánast í stað á árinu 1999.

Útlán annarra stofnana jukust einnig fremur hratt

Útlán fjárfestingarlánasjóða jukust mun hægar en útlán innlánsstofnana á árinu 1999, eða um 15,6%. Mest var hlutfallsleg aukning á árinu 1999 hjá svokölluðum fjárfestingarbönkum. Íbúðalánasjóður jók einnig sín útlán umtalsvert (14,7%). Þar sem Íbúðalánasjóður er langstærsti fjárfestingarlánasjóðurinn er útgáfa húsbrefta og húsnæðisbréfa mjög fyrirferðarmikil og vaxandi í fjármögnun fjárfestingarlánasjóða í heild. Erlendar lántökur fjárfestingarlánasjóða jukust þó hlutfallslega meira en innlend fjármögnun en samdráttur var í innlendum lántökum þeirra.



Afkoma innlánsstofnana var góð á árinu


Áframhaldandi mikill vöxtur útlána banka og sparisjóða á árinu 1999 fól í sér að efnahagsreikningur þeirra stækkaði að mun. Niðurstaða efnahagsreiknings þriggja viðskiptabanka hækkaði um líðlega 25% á árinu

1999. Rekstrarskilyrði voru lánastofnunum hagstæð á árinu og afkoma flestra banka og sparisjóða var góð. Tekjur af hlutabréfum og eignarhlutum og gengishagnaður af fjármálastarfsemi vógu þungt hjá sumum stofnunum. Vaxtamunur viðskiptabankanna minnkaði og hafði þá minnkað nánast óslitið frá 1990. Arðsemi eigin fjár var góð og mun betri en árið áður þótt hún væri einnig góð þá. Á árinu 1998 var arðsemi eigin fjár viðskiptabanka og sparisjóða í heild liðlega 14% og hafði vaxið ár frá ári frá 1992, samanber meðfylgjandi mynd. Hlutfall kostnaðar af tekjum lækkaði á árinu í bönkunum þremur og var frá 61,4% til tæplega 71%. Árið áður var það frá 64% til 75%. Mikill vöxtur útlána kom í veg fyrir að eiginfjárstaða viðskiptabankanna í heild styrktist að marki þrátt fyrir góða afkomu. Útkoman var þó misjöfn eftir stofnunum. Eiginfjárhlutfall viðskiptabankanna þriggja samkvæmt skilgreiningu laga var á bilinu frá 9,1% til 10,5% í lok árs 1999. Án víkjandi lána var hlutfallið frá 5,7% til 7,5%. Á heildina litið hafði eiginfjárhlutfallið styrkst en að víkjandi lánum frátöldum rýrnaði það nokkuð. Seðlabanki Íslands hefur lýst þeirri skoðun að hagstæð rekstrarskilyrði hefðu lánastofnanir átt að nýta til þess að byggja upp sterka eiginfjárstöðu í því skyni að verða betur búnar undir að takast á við erfiðari tíma. Ákafur útlánavöxtur síðustu tveggja ára kom í veg fyrir að svo yrði, a.m.k. í sumum tilvikum. Þá er afkoma sumra viðskiptabankanna viðkvæm fyrir breytingum á hlutabréfaferði. Fjárhæð heildarframlaga viðskiptabankanna í afskriftareikning útlána lækkaði nokkuð á árinu 1999, bæði í krónum talið og sem hlutfall af meðalstöðu efnahagsreiknings enda virðast van- skil hafa minnkað til muna.

Eins og ráða má af framansögðu var það sammerkt viðskiptabönkunum þremur að afkoma þeirra var góð. Misjafnt virðist þó hafa verið að hve miklu leyti hagnaðurinn átti rætur í reglulegri starfsemi og að hve miklu leyti hann stafaði af gengishagnaði af fjármálastarfsemi.

Arðsemi eigin fjár viðskiptabanka og sparisjóða 1990-1998





Rekstrarskilyrði voru góð og útlánaafskriftir í lágmarki. Þar sem bankarnir hafa ekki nýtt þessi skilyrði til þess að efla eiginfjárstöðu sína eru þeir verr búnir undir að mæta erfiðari rekstrarskilyrðum en ella. Þá virðast bankarnir mislangt komnir í rekstrarhagræðingu eins og sést m.a. af mismunandi hlutfalli kostnaðar og rekstrartekna.

Afkoma annarra lánastofnana virðist einnig hafa verið góð

Þegar þetta var ritað lágu aðeins fyrir takmarkaðar upplýsingar um afkomu annarra lánastofnana en samkvæmt þeim virðist hún hafa verið góð. Fjárfestingarbankarnir tveir² skiluðu t.d. mjög góðri afkomu. Aðsemi eigin fjár þeirra var 13,6% og 58,9% sem í báðum tilvikum var nokkru betra en árið áður. Eiginfjárhlutfall þeirra var 12,2% og 11,6%.

Eignir lífeyrissjóða jukust hratt og samsetning eignanna breyttist enn

Samkvæmt bráðabirgðatölum nam hrein eign lífeyrissjóða í árslok 1999 rúmum 515 ma.kr. og er það aukning um 108 ma.kr. á árinu, eða 26,5%. Næstu þrjú árin á undan hafði aukning hreinnar eignar numið í kringum 16% á ári. Hrein eign lífeyrissjóða í árslok 1999 nam sem svaraði 81% af vergri landsframleiðslu ársins samanborið við rúmum 69% í lok árs 1998.

Í lok ársins nam eign lífeyrissjóða í innlendum og erlendum hlutabréfum 85 ma.kr. og hafði vaxið um 36 ma.kr. á árinu. Tæpur helmingur hlutabréfanna er af erlendum toga og hafði sá hluti vaxið um tæpa 20 ma.kr. á árinu. Í hlutabréfasjóðum áttu lífeyrissjóðirnir 47 ma.kr. og er það nánast allt í erlendum sjóðum. Eignir lífeyrissjóða í erlendum hlutabréfasjóðum jukust á árinu um rúma 27 ma.kr.

Eign lífeyrissjóðanna í erlendum verðbréfum nam í árslok 96 ma.kr. og er það tæplega 19% af hreinni eign þeirra. Í árslok 1998 var hlutfall erlendra verðbréfa af hreinni eign 12% og rúm 7% í árslok 1997. Ljóst er því að lífeyrissjóðir færa æ stærru hluta eigna sinna yfir á erlenda markaði, en eru þó vel undir því hámarki sem lög setja þeim. Markaðsskuldabréf og hlutdeildarskírteini í eigu lífeyrissjóðanna jukust nánast jafn mikið á árinu 1999 og árið 1998. Eign þeirra í ríkisbréfum dróst enn saman, en húsbreftæignin jókst um rúma 8 ma.kr. á árinu sem er viðsnúningur frá árinu 1998 þegar hún minnkaði. Hægari aukning varð á hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða en árið 1998 en þó var hún tæpir 16 ma.kr. Eignir í erlendum verðbréfasjóðum lækkuðu á árinu 1999 annað árið í röð. Önnur skuldabréf en markaðsbréf jukust um rúma 11 ma.kr. á árinu 1999. Munar þar mest um 7 ma.kr. aukningu á skuldabréfum fyrirtækja. Einnig jukust sjóðfélagalán mun meira en árið 1998, eða um 5,6 ma.kr. samanborið við 1,2 ma.kr. (Tafla nr. 26 í viðauka)

Útgáfa hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða jókst töluvert

Hjá verðbréfasjóðum varð verulegur vöxtur á árinu 1999 þótt ekki

2. Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf. og Kaupþing hf.

kæmist hann í hálfkvisti við það sem var á árinu á undan. Var aukningin í hlutdeildarskírteinum mest hjá almennum verðbréfasjóðum en minni hjá sjóðum með sértæka fjárfestingarstefnu, en í heild var hún nánast hin sama á árinu 1999 og eignaaukning lífeyrissjóða í hlutdeildarskírteinum. Vöxtur verðbréfasjóðanna virðist að stórum hluta til kominn vegna fjárfestingar lífeyrissjóða í hlutdeildarskírteinum þeirra. Á sama tíma dró verulega úr beinum kaupum lífeyrissjóða á markaðsskuldabréfum. Í aukningu á verðbréfaeign verðbréfasjóða bar mest á húsbrefum og svo hlutabréfum, en nokkru minna á aukningu í verðbréfum fjármálastofnana og spariskírteinum ríkissjóðs. Samdráttur varð á eignum þeirra í verðbréfum annarra opinberra aðila. (Sjá töflu nr. 29 í viðauka.)



Hlutabréfamarkaðurinn þroskast

Þróunin á hlutabréfamarkaði einkenndist fremur öðru af þrennu á árinu 1999. Í fyrsta lagi jókst veltan í hlutabréfaviðskiptum á Verðbréfaþingi Íslands (VÞÍ) mjög mikið. Hún nam rúmlega 40 ma.kr. en var aðeins um 12,7 ma.kr. árið 1998. Þess utan nam utanþingsveltan rúmum 84 ma.kr. en var um 19 ma.kr. 1998. Í öðru lagi hækkaði markaðsverðmæti hlutabréfa á VÞÍ verulega og nam í árlök 1999 um 370 ma.kr. og hafði hækkað úr 232 ma.kr. í árslok 1998. Í þriðja lagi hækkaði markaðsverðmæti skráðra hlutabréfa gífurlega eða um 44,5% ef miðað er við heildarvísitölu aðallista VÞÍ. Auk þess varð nokkur fjölgun skráðra hlutafélaga en þeim fjölgaði úr 56 í ársbyrjun í 64 í árslok 1999.

Mikil hækkan á markaðsverði hlutabréfa og fjölgun skráðra hlutafélaga á VÞÍ olli því að markaðsvirði þessara félaga hækkaði úr rúmum 39% af vergri landsframléiðslu í árslok 1998 í rúmlega 53% í lok árs 1999. Veltuhraði hlutabréfa, þ.e. velta í hlutfalli við markaðsvirði, jókst mjög á árinu og nam um 10,8% sem er helmingi meiri veltuhraði en árið 1998. Þessi aukning þýðir að hlutabréf skiptu nær helmingi oftar um eigendur en árið áður. Þrátt fyrir þessa aukningu veltuhraða er hann enn lítil í alþjóðlegu samhengi en aukningin er vísbending um að hlutabréfamarkaðurinn sé að verða virkari og dýpri, viðskipti líflegri og seljanleiki hlutabréfa að aukast. Allt eru þetta merki þess að hlutabréfamarkaðurinn hafi tekið út nokkurn þroska á árinu. Frekari upplýsingar um hlutabréfamarkaðinn er að finna í töflu 32 í töfluviðauka.

GREIÐSLUMIÐLUN

Við lagabreytingu árið 1998 fékk Seðlabanka Íslands það hlutverk að stuðla að greiðri, hagkvæmri og öruggri greiðslumiðlun í landinu og við útlönd. Bankinn hafði áður haft frumkvæði að gerð skýrslu um greiðslumiðlun og beitti sér fyrir vinnu á þessu sviði ásamt fulltrúum viðskiptabankanna. Í lok árs 1998 var lögð fram skýrsla vinnuhóps Seðlabankans og Sambands íslenskra viðskiptabanka þar sem gerðar voru tillögur um framtíðarþróun greiðslumiðlunar hér á landi. Í framhaldi af skýrslunni var stofnuð verkefnisstjórn til að undirbúa stofnun fyrirtækis um starfrækslu greiðslujöfnunarkerfis og rekstur svokallaðrar RÁS-þjónustu.



Einnig átti að kanna hvort einhverjar áður ófyrirséðar hindranir væru fyrir stofnun slíks fyrirtækis. Tilgangur með stofnun fyrirtækisins er m.a. að veita nýjum aðilum tækifæri til sama aðgangs að greiðslujöfnunarkerfinu og uppgjöri þess og núverandi eigendur Reiknistofu bankanna hafa. Meðal verkefna var að skilgreina nákvæmlega verkefni fyrirtækisins, verðmeta þann búnað (vél- og hugbúnað) sem notaður er við greiðslujöfnunina, verðmeta RÁS-þjónustuna og ýmsa aðra liði, t.d. ýmsa samninga og staðla sem til hafa orðið í árunna rás. Einnig hefur verkefnisstjórnin unnið að því að fá mat ríkisskattstjóra á því hvort sú þjónusta sem fyrirhugað fyrirtæki mun veita verði virðisaukaskattskyld. Horfur eru á að verkefnisstjórnin ljúki störfum á fyrsta fjórðungi ársins 2000.

Ný lög auka öryggi í greiðslukerfum...


Alþingi samþykkti í nóvember 1999 ný lög um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum (lög nr. 90/1999). Megininntak laganna er að tryggja að ekki verði hróflað við greiðslufyrirmælum sem borist hafa inn í greiðslukerfi áður en úrskurður um gjaldprot þátttakanda í greiðslukerfi er kveðinn upp. Þannig er komið í veg fyrir að deilur hefjist um tiltekna greiðslur sem þegar hafa verið afgreiddar í greiðslukerfum en slíkar deilur gætu valdið töfum á uppgjöri og óvissuástandi sem hæglega gæti leitt af sér keðjuverkandi vandamál í öllu fjármálakerfinu. Lögin byggja á tilskipun ESB um sama efni sem samþykkt var í maí 1998.

...og fyrirhugaðar reglur hnýta ýmsa lausa enda

Seðlabankinn hefur í samvinnu við aðila frá viðskiptabönkum og sparisjóðum undirbúið setningu reglna um aðgengi greiðslukerfa að viðskiptareikningum í Seðlabankanum. Tilgangurinn með reglunum er að hnýta ýmsa lausa enda í lagalegu umhverfi greiðslumiðlunarinnar. Til dæmis er mælt fyrir um myndun ábyrgðarsjóðs sem hægt verður að grípa til ef gjaldprot eins þátttakanda ógnar lúkningu uppgjors. Mælt er fyrir um kröfur sem gerðar eru til greiðslukerfa og þátttakanda í þeim en Seðlabankinn hefur það hlutverk samkvæmt lögum um öryggi greiðslufyrirmæla að gera tillögur um hvaða greiðslukerfi skuli fá viðurkenningu ráðherra.

Lamfalussy-skilyrði uppfyllt innan tíðar

Þegar ofangreind atriði verða að fullu komin til framkvæmda og varastöð Reiknistofu bankanna, svokallað sel, verður tekin til starfa mun greiðslujöfnunarkerfið uppfylla að fullu svokölluð Lamfalussy-skilyrði. Framkvæmdir við selið eru á lokastigi og mun það hafa að geyma fullkominn varabúnað sem hægt verður að grípa til ef upp koma vandamál í aðalbúnaði. Lamfalussy-skilyrðin voru sett fram í skýrslu sem Alþjóðagreiðslubankinn (BIS) gaf út 1990 og eru lágmarksskilyrði þess að hægt sé að telja greiðslujöfnunarkerfi traust.



Samningur um millibankaþjónustu

Seðlabankinn hefur tekið þátt í vinnu á vegum Sambands íslenskra viðskiptabanka um samning um millibankaþjónustu. Í samningnum er kveðið á um þau svið þar sem bankarnir hafa orðið ásáttir um samvinnu eða innbyrðis viðskipti. Þar er m.a. mælt fyrir um vörslu gagna og aðgengi að upplýsingum sem nauðsynlegar eru til viðskiptanna auk þess sem mælt er fyrir um gjöld.

Rafrænn veruleiki

Tölvu- og upplýsingabyltingin hefur sett mark sitt á þróunina í banka-kerfinu. Færslur (inn- og útborganir) á tékkareikninga í bönkum og sparisjóðum voru rétt rúmlega 100 milljónir talsins á síðasta ári. Þar af voru raunverulegir tékkar tæplega 6 milljónir. Debetkortafærslur voru 34 milljónir. Því voru beinar skuldfærslur, millifærslur og innborganir rúmlega 60 milljónir. Uppruni meginhluta þessara færslna er rafrænn og ekki er ósennilegt að yfir 90% af færslum á reikninga séu nú þegar rafræn. Þar með er ekki sagt að notkun seðla og myntar sé úr sögunni því að magn seðla og myntar í umferð hefur vaxið stöðugt. Á árinu 1998 var vöxturinn um 10%, en 12,7% á síðasta ári. Ekki er að sjá á þróuninni að svokallaður 2000-vandi hafi valdið þessari aukningu. Tékkaviðskipti (ásamt millifærslum af reikningum) námu tæplega 630 milljörðum króna, debetkortanotkun var rúmlega 250 milljarðar króna og kreditkortanotkun var rúmlega 110 milljarðar króna.

Internetbankarnir blómstra

Mikill vöxtur hefur færst í notkun Internetsins við bankaviðskipti. Samkvæmt upplýsingum frá viðskiptabönkum og sparisjóðum fjölgaði notendum Internetbanka úr tæplega 28 þúsund í rúmlega 51 þúsund frá upphafi til loka ársins 1999. Tæplega 90% notenda voru einstaklingar en rúmlega 10% fyrirtæki. Alls voru gerðar tæplega 1,5 milljónir fjárhagslegra færslna með þessari tækni á síðasta ári sem þýðir að meðaltali 29 færslur á notanda á árinu. Áætlað er að alls hafi 122 milljarðar króna verið færðir með þessum hætti og mun verulegur hluti vera tilkominn vegna notkunar fyrirtækja sem eru í auknum mæli að flytja sig úr hefðbundnum bankalínum yfir í þetta fyrirkomulag. Til samanburðar má geta þess að velta debetkorta á síðasta ári var rúmlega 254 milljarðar króna. Ljóst er að vaxandi dáleikar almennings við þessa tækni og skyldar nýjungar, t.d. á sviði farsímaþjónustu munu ýta enn frekar undir þessa þróun á næstu árum.

III

ÝMSIR ÞÆTTIR Í STARFSEMI BANKANS

ALÞJÓÐLEG SAMSKIPTI SEÐLABANKA ÍSLANDS

Ábyrgð Seðlabanka Íslands og skuldbindingar á alþjóðlegum fjármálavettvangi eru margháttaðar. Í þeim efnum er hann ekki frábrugðinn seðlabönkum annarra landa. Bankinn hefur náið samráð við aðra seðlabanka og margar fjölþjóðlegar stofnanir á sviði efnahags- og peningamála. Þá leiðir af sjálfu sér að vegna verkefna bankans í tengslum við erlend lánamál ríkissjóðs og vörslu gjaldeyrisforðans hefur hann samskipti við fjölda fjármálastofnana víða um heim.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn

Seðlabanki Íslands er fjárhagslegur aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum fyrir hönd íslenska ríkisins. Birgir Ísleifur Gunnarsson seðlabankastjóri var fulltrúi Íslands í sjóðráði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á árinu og Þórður Friðjónsson ráðuneytisstjóri og forstjóri Þjóðhagsstofnunar varafulltrúi.

Ísland starfar með Norðurlöndum og Eystrasaltslöndum á vettvangi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og myndar kjördæmi með þeim. Sameiginlega kjósa þessi lönd fastafulltrúa í framkvæmdastjórn sjóðsins sem í sitja 24 fulltrúar. Fastafulltrúi á árinu var Kai Aaen Hansen frá Danmörku og varafulltrúi hans Olli-Pekka Lehmussari frá Finnlandi.

Með það að markmiði að efla samstarf innan kjördæmisins urðu nokkrar skipulagsbreytingar á samstarfi Norðurlanda og Eystrasaltslanda á árinu. Í stað kjördæmisnefndar og Norrænu fjárhagsnefndarinnar sem Seðlabanki Íslands hafði haft forystu í frá 1996 var sett á lagginar ný fjárhagsnefnd (*Monetary and Financial Committee*) Norðurlanda og Eystrasaltsríkja. Hlutverk hennar er að samræma og stjórna samstarfinu innan kjördæmisins. Þá var einnig skipuð sérstök fulltrúanefnd sem fjallar um ýmis sameiginleg málefni kjördæmisins á vettvangi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Aðildarríki sjóðsins eru 182. Í janúar 1999 tók ellefta almenna kvótahækkunin gildi og fól í sér 45% hækkun á stofnfé sjóðsins sem varð 212 milljarðar SDR. Kvóti Íslands er 117,6 milljónir SDR eða um 11,8 milljarðar króna.

Sendinefnd frá sjóðnum kynnti sér íslensk efnahagsmál á fundum með fulltrúum stjórnvalda dagana 20.-28. janúar 1999. Fara slíkir fundir jafnan fram með reglulegu millibili. Álit nefndarinnar var birt opinberlega auk þess sem skýrsla hennar var rædd í framkvæmdastjórn sjóðsins.

Stjórnarnefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (*International Finance and Monetary Committee*, áður *Interim Committee*) er sjóðráði til ráðuneytis. Á fundi hennar haustið 1999 var ákveðið að skerpa ráðgjafarhlutverk hennar og var nafni hennar breytt um leið. Á fundinum voru einnig staðfestar gagnsæisreglur fyrir stjórn peningamála (*Code of Good Practices on Transparency in Monetary and Financial Policies*) en í þeim felast leiðbeiningar til aðildarlanda um miðlun upplýsinga um markmið og leiðir við stjórn peningamála og við eftirlit með starfsemi fjármálastofnana.

Meðal viðfangsefna sem bar hátt hjá sjóðnum á árinu var áframhaldandi viðleitni til þess að styrkja innviði alþjóðlegs fjármálakerfis með það að markmiði að draga úr líkum á fjármálakreppum. Einnig var fjallað um eftirgjöf á skuldum þróunarlandanna sem er hluti af svo-nefndu HIPC-átaki sjóðsins og Alþjóðabankans. Leitað var til aðildarlandanna um sérstök framlög og náðist verulegur árangur í því að fjármagna verkefnið. Íslensk stjórnvöld og Seðlabanki Íslands munu taka þátt í verkefninu. Á árinu var unnið að því að efla eftirlitskerfi sjóðsins og staðla frekar hagrænar upplýsingar frá aðildarríkjum. Auk þess var unnið að lausn fjölmargra vandamála sem varða einstök aðildarríki, en mesta fjárhagslega aðstoð fengu Brasilía og Rússland.

Alþjóðagreiðslubankinn í Basel

Seðlabanki Íslands er hluthafi í Alþjóðagreiðslubankanum í Basel, Bank for International Settlements (BIS), og tekur þátt í starfi hans. Bankinn er mikilvægur samráðsvettvangur seðlabanka víða um heim auk þess að vera upplýsinga- og rannsóknastofnun á sviði hagfræði, ekki síst fjármálastöðugleika. Undanfarin ár hefur bankinn látið mjög til sín taka varðandi eftirlit með starfsemi fjármálastofnana og fjárhagslegt öryggi þeirra. Fulltrúar Seðlabanka Íslands taka þátt í ýmsum fundum á vegum BIS.

Samstarf við aðra seðlabanka

Samstarf norrænna seðlabanka er umfangsmikið á mörgum sviðum. Bankastjórar norrænu seðlabankanna halda árlegan fund þar sem fjallað er um málefni bankanna og verkefni peningamálastjórnar. Þá eiga sérfræðingar bankanna á ýmsum sviðum með sér náð samstarf og skiptast á upplýsingum, m.a. um ávöxtun gjaldeyrisforða, markaðsviðskipti, lögfræðileg efni, hagrannsóknir, peningamál, starfsmannamál o.fl. Norrænu seðlabankarnir skiptast einnig á starfsmönnum á hverju ári.

Seðlabankinn á einnig náð samstarf við ýmsa aðra seðlabanka og hefur m.a. stofnað til reglulegra samskipta við Seðlabanka Evrópu. Formaður bankastjórnar Seðlabanka Íslands á reglulega fundi með bankastjóra Seðlabanka Evrópu. Auk þess hafa fulltrúar Seðlabankans átt

fundi með sérfræðingum Seðlabanka Evrópu um ýmislegt sem varðar mótun og framkvæmd peningastefnu.

OECD

Fulltrúar Seðlabanka Íslands hafa tekið þátt í starfi ýmissa nefnda og hópa á vettvangi OECD. Meðal þeirra eru efnahagsstefnunefndin, vinnuhópur sem starfar í tengslum við nefndina, fjármagnsmarkaða-nefndin og sérfræðinganevnd um lánamál opinberra aðila. Sérfræðingar OECD koma reglulega til Íslands til viðræðna við fulltrúa stjórnvalda um framvindu efnahagsmála. Hliðstæðar viðræður fara fram við öll aðildarríki OECD. Í kjölfar viðræðnanna eru gefnar út skýrslur sem lýsa mati stofnunarinnar á efnahagsaðstæðum. Stofnunin gaf út skýrslu um efnahagsmál á Íslandi undir lok ársins 1999.

Aðrar fjármálastofnanir

Í tengslum við vörslu gjaldeyrisforðans, umsjón með erlendum lánamálum ríkissjóðs og önnur viðfangsefni á bankinn samstarf við fjölmargar erlendar fjármálastofnanir víða um heim.

VARSLA GJALDEYRISFORÐANS

Í lögum um Seðlabanka Íslands segir að hlutverk hans sé meðal annars að varðveita og efla gjaldeyrisvarasjóð er nægi til þess að tryggja frjáls viðskipti við útlönd og fjárhagslegt öryggi þjóðarinnar út á við. Skal gjaldeyrisvarasjóðurinn varðveittur í tryggum og auðseljanlegum verðbréfum eða innlánnum og gjaldeyri sem nota má til greiðslu hvar sem er.

Í gjaldeyrisforða eru eignir Seðlabankans í erlendum verðbréfum, innstæður í erlendum bönkum, gull, sérstök dráttarréttindi og gjaldeyrisstaða við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Með sérstökum dráttarréttindum er átt við eign Seðlabankans hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum í reiknings-einingunni SDR. Skilyrðið um trygga ávöxtun forðans leiðir til þess að skýrar kröfur eru gerðar til stofnana sem bankinn skiptir við og verðbréfa sem bankinn kaupir. Fé er fest á reikningum í erlendum bönkum og í skuldabréfum skráðum í kauphöllum og gefnum út af aðilum innan vébanda aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD). Útgefendur geta verið ríki og sveitarfélög, ríkisstofnanir, fjölpjóðastofnanir, bankar og fjármálastofnanir. Seðlabankinn fylgir þeirri stefnu að fjárfestingarkostir skulu fullnægja lágmarkskröfum um láns hæfi. Skal láns hæfiseinkunn langtímabréfa vera að lágmarki A2 að mati Moody's eða A að mati Standard & Poor's. Skammtímabréf skulu hafa að lágmarki láns hæfiseinkunnina A-1+ eða P-1 að mati sömu aðila. Sömu láns hæfiskröfur gilda um stofnanir sem ávaxta innstæður.

Þorri forðans er bundinn í eignum til lengri tíma en eins árs en hluti hans skal vera í óbundnum eignum. Óbundnar eignir eru skammtímæignir sem lausar eru með allt að tveggja daga fyrirvara. Meðalbinditími verðbréfa og innstæðna í gjaldeyrisforða skal ekki vera lengri

en 2 ár. Gulleign bankans nam um 59 þúsund únsum í lok ársins 1999. Gullið er varðveitt í Englandsbanka og er lánað út gegn vöxtum í gulli.

Seðlabanki Íslands hefur gert samninga um aðgang að skammtímalánum við erlenda banka. Seðlabankinn notar skammtímalán þessi til að styrkja gjaldeyrisforðann þegar þörf krefur. Nema samningsbundnar lánsheimildir bankans fjárhæð sem svarar til nærri 500 milljóna Bandaríkjadala. Einn þessara samninga er við Alþjóðagreiðslubankann í Basel. Einnig er í gildi samningur á milli seðlabanka Norðurlanda um gjaldeyrislán til skamms tíma og samkvæmt honum getur Seðlabanki Íslands fengið gjaldeyrislán að jafnvirði allt að 200 milljónum evra. Auk fyrrgreindra samninga hefur Seðlabanki Íslands aðgang að ósamningsbundinni lánaþyrirgreiðslu hjá ýmsum erlendum fjármálastofnunum.

Með gjaldeyrisjöfnuði er átt við gengisbundnar eignir Seðlabanka að frádregnum gengisbundnum skuldum. Leitast er við að haga gjaldmiðlaskiptingu hans þannig að áhætta sé sem minnst. Í samsetningu gjaldeyrisjafnaðar vega þyngst Bandaríkjadalur og evra, þá sterlingspund og japanskt jen en aðrar myntir eru innan við 5%.

ERLEND LÁNAMÁL RÍKISSJÓÐS

Samkvæmt samningi við fjármálaráðherra hefur Seðlabanki Íslands umsjón með erlendum lánamálum ríkissjóðs.

Endurfjármögnun á erlendum lánum ríkissjóðs

Á árinu 1999 gjaldféllu fjórar erlendar skuldabréfaútgáfur ríkissjóðs. Ræðir hér um 150 milljónir þýskra marka, 65,5 milljónir Svissfranka (upphaflega 47 milljónir Bandaríkjadala), 78,6 milljónir Svissfranka (upphaflega 6 milljarðar japanskra jena) og 5 milljarða japanskra jena. Voru þær að hluta endurfjármagnaðar með útgáfu víxla ríkissjóðs á Evrópumarkaði.


Í október voru gefin út skuldabréf ríkissjóðs á svissneskum markaði að fjárhæð 100 milljónir Svissfranka, sem nam á greiðsludegi liðlega 4,7 milljörðum króna. Lánið er til þriggja ára og bera skuldabréfin milli-bankavexti án álags. Credit Suisse First Boston hafði umsjón með útgáfunni. Andvirði lánsins var varið til að endurfjármagna fyrrgreint lán ríkissjóðs að fjárhæð 78,6 milljónir Svissfranka. Annar hluti af andvirði lánsins var notaður til að lækka útistandandi fjárhæð í víxlaútgáfu ríkissjóðs á Evrópumarkaði.

Endurgreiðslur erlendra lána ríkissjóðs og mikill hagvöxtur hafa valdið mikilli lækkun á hlutfalli erlendra lána ríkisins og landsframleiðslu á umliðnum árum.


Lánastýring og áhættugreining

Þeirri stefnu hefur verið fylgt við erlendar lántökur ríkissjóðs að gæta þess að endurgreiðslur dreifist sem jafnast á komandi ár. Stýring á erlendum lánum ríkissjóðs felur jafnframt í sér að samsetning lána sé með hagkvæmum hætti, svo sem með tilliti til vaxtakjara, lánstíma og gjald-

Erlendar skuldir ríkissjóðs sem hlutfall af landsframleiðslu í lok árs



Langtímalán af erlendum langtímalánum ríkissjóðs



Vægi mynta í erlendum lánum ríkissjóðs í lok árs

	1995	1997	1999
Bandaríkjadalur	37,8	32,7	27,7
Japönsk jen	13,7	10,1	14,3
Evrópskar myntir	48,5	57,2	58,0
Þýsk mörk	17,9	29,9	25,6
Sterlingspund	10,3	12,3	13,3
Svissn. frank.	11,2	9,7	7,9
Franskir frank.	0,6	0,5	-
Ekur/Evrur	8,5	4,8	11,2

Heimild: Seðlabanki Íslands.

miðlasamsetningar. Á undanförunum árum hafa verið notuð uppsagnar-ákvæði lánasamninga til að endurfjármagna lánsfé með hagkvæmari kjörum en áður giltu. Jafnframt hefur verið ráðist í vaxta- og gjaldmiðla-skipti til að ná markmiðum á sviði lánastýringar.

Í árslok 1999 námu langtímalán um 90 milljörðum króna og úti-standandi fjárhæð víxla ríkissjóðs á Evrópumarkaði um 25 milljörðum króna. Um 27,6% erlendra lána ríkissjóðs voru í Bandaríkjadöllum, 14,3% í japönskum jenum og 58,1% lána voru í ýmsum Evrópugjaldmiðlum. Um 36,9% erlendra lána voru í myntum sem breyttust í evru í byrjun árs 1999. Hlutdeild evrópskra mynta lækkaði lítillega milli áranna 1998 og 1999 úr 62% í 58% og hlutdeild Bandaríkjadals hækkaði lítillega og var í lok árs 1999 tæplega 28% en var 26% í lok árs 1998. Í árslok 1999 voru 48,5% erlends lánsfjár með föstum vöxtum, en 62% ef einungis er litið til langtímalána. Meðallánstími erlendra langtímalána var 3,6 ár og meðalbínditími var líðlega 2,2 ár. Meðallánstími erlendra lána að meðtöldum skammtímalánum var 3,4 ár og meðalbínditími 2,9 ár.

Víxlaútgáfa ríkissjóðs

Ríkissjóður stendur fyrir umfangsmikilli alþjóðlegri útgáfu skammtíma-verðbréfa sem er víxlaútgáfa á Evrópumarkaði. Hámarksfjárhæð útgáfunnar er 500 milljónir Bandaríkjadala. Jafnframt er heimilt að gefa út víxla í helstu gjaldmiðlum. Víxlar ríkissjóðs eru gefnir út með ávöxtun sem að jafnaði er um 10 punktum undir millibankavöxtum í Lundúnum. Víxlar á Evrópumarkaði hafa lengst af verið seldir fyrir atbeina þriggja fjármálastofnana. Þær eru J.P. Morgan Securities, Citibank International og SEB í Lundúnum. Á árinu 1999 var ákveðið að bæta við fjórða bankanum og varð Deutsche Bank fyrir valinu vegna styrkrar stöðu á nýjum evrumarkaði. Við útgáfu hvers víxils er samið um fjárhæð, láns-tíma og ávöxtun í ljósi stöðu markaða á hverjum tíma. Við lok ársins 1999 nam fjárhæð útistandandi víxla 187,2 milljónum dala, 100,5 milljónum evra og 5 ma. jena sem svarar til um 25 milljarða króna. Heildarútgáfa ríkissjóðs á árinu 1999 nam jafnvirði 1.800 milljóna Bandaríkjadala, sem nemur um 130 milljörðum króna.

Lántökur ríkisstofnana með ríkisábyrgð

Í lánsfjárlögum fyrir árið 1990 var kveðið svo á að stofnunum með ríkis-ábyrgð væri skylt að kynna áform sín um lántökur fyrir Seðlabanka Íslands og leita eftir samþykki hans í umboði fjármálaráðuneytisins á kjörum og skilmálum. Er þetta samráð nú bundið í lögum um Lánasýslu ríkisins og samningi fjármálaráðherra og Seðlabankans. Á árinu 1999 voru gerðir tveir samningar af hálfu tveggja aðila sem njóta ríkis-ábyrgðar um lán við erlenda aðila. Alþjóðasvið Seðlabankans veitti að-stöð við lántöku Ferðamála-sjóðs hjá Commerzbank.

Alþjóðlegt mat á lánshæfi ríkissjóðs

Þróun í fjármálaviðskiptum hefur aukið þörf fyrir faglegt mat á lánshæfi

lántakenda, fyrirtækja jafnt sem opinberra aðila. Á alþjóðlegum vettvangi kveður mest að bandarísku matsfyrirtækjunum Moody's Investors Service og Standard & Poor's. Ennfremur má geta matsfyrirtækisins Fitch-IBCA í þessu sambandi. Reynslan sýnir að lánshæfismat eða einkunn þessara fyrirtækja getur mjög greitt fyrir aðilum sem leita eftir lántöku á alþjóðlegum markaði. Alþjóðlegar lánastofnanir reiða sig að verulegu leyti á einkunnir þessara fyrirtækja þegar þær taka ákvarðanir um vexti og önnur lánskjör. Helstu fjárfestar kaupa því aðeins skuldaþréf að fullnægt sé lágmarksskilyrðum um lánshæfiseinkunn útgefanda. Seðlabankinn sér um reglubundin samskipti við alþjóðleg matsfyrirtæki og annast alþjóðasvið bankans framkvæmdina.

Fyrirtækin Standard & Poor's og Moody's Investors Service hækkuðu lánshæfiseinkunnir Íslands 1996 og 1997. Með hækkun Moody's náðist sá áfangi að ríkissjóður er metinn af hálfu fyrirtækisins í AA-flokki en hafði áður verið í A-flokki.


Sendinefndir matsfyrirtækjanna Standard & Poor's og Moody's komu til viðræðna við fulltrúa stjórnvalda í október 1999. Að þeim loknum gáfu fyrirtækin út skýrslur og staðfestu fyrra mat á stöðu og horfum um lánshæfi ríkissjóðs. Lánshæfiseinkunn Moody's er Aa3 fyrir erlendar langtímaskuldbindingar og P-1 fyrir skammtímaskuldbindingar sem er hæsta skammtímaeinkunn sem fyrirtækið gefur. Lánshæfiseinkunn Moody's fyrir innlendar skuldbindingar til langs tíma er hæsta einkunn, Aaa. Lánshæfiseinkunn Standard & Poor's er A+ fyrir erlendar langtímaskuldbindingar og A-1+ fyrir skammtímaskuldbindingar sem er hæsta skammtímaeinkunn sem fyrirtækið gefur. Lánshæfiseinkunn Standard & Poor's fyrir innlendar skuldbindingar til langs tíma er AA+. Standard & Poor's tilkynnti 1998 að fyrirtækið teldi að horfur væru jákvæðar á hækkun lánshæfiseinkunnar Íslands á erlendum skuldbindingum til langs tíma, en mat fyrirtækisins á horfum hafði áður verið hlutlaust. Fyrirtækið tilkynnti í frétt í desember 1999 að búist væri við hækkun lánshæfismatsins á næstunni tækist stjórnvöldum að hemja ofpenslu og draga úr viðskiptahalla. Fulltrúar matsfyrirtækisins Fitch-IBCA komu hingað til lands í desember 1999 til viðræðna við fulltrúa stjórnvalda og var það fyrsta heimsókn fyrirtækisins af þessu tagi. Snemma árs 2000 tilkynnti fyrirtækið að Ísland hefði hlotið lánshæfiseinkunnina AA- fyrir erlendar langtímaskuldbindingar og hæstu einkunnir sem fyrirtækið gefur fyrir innlendar skuldbindingar og erlendar skuldbindingar til skamms tíma, þ.e. AAA og F1+.

RANNSÓKNIR

Í Seðlabanka Íslands fara fram margvíslegar rannsóknir sem tengjast viðfangsefnum bankans. Einnig kemur fyrir að Seðlabankinn kaupir eða styrki rannsóknir aðila utan bankans ef þær eru taldar mikilvægar fyrir þau verkefni sem bankinn vinnur að. Þá á Seðlabankinn samstarf við Þjóðhagsstofnun og fjármálaráðuneyti um rekstur og þróun þjóðhagslíkans. Rannsóknarvinna fer aðallega fram á hagfræðisviði en einn-

Víxlaútgáfa ríkissjóðs á Evrópumarkaði 1987-1999

Staða í lok árs í milljónum Bandaríkjadala



Mat á lánshæfi ríkissjóðs í lok árs 1999

Skuldbindingar í erlendri mynt:	Langtíma	Skammtíma
Moody's Investors Service	Aa3	P-1
Standard & Poor's	A+	A-1+

Skuldbindingar í íslenskum krónum:	Langtíma	Skammtíma
Moody's Investors Service	Aaa	P-1
Standard & Poor's	AA+	-

ig á öðrum sviðum bankans, svo sem á peningamálasviði, þ.m.t. um greiðslumiðlun. Til þess að skapa umgjörð um þennan mikilvæga þátt starfsins eru haldnar reglulegar málstofur þar sem aðilar innan og utan bankans kynna niðurstöður rannsókna sinna. Einnig er gefin út ritröð á ensku þar sem birtast rannsóknir sem eru stundaðar innan eða á vegum bankans, undir heitinu Central Bank of Iceland Working Papers.

Haldnar voru níu málstofur á árinu 1999 og gefnar voru út þrjár ritgerðir í ritröðinni Central Bank of Iceland Working Papers. Starfsmenn bankans lögðu fram tvær rannsóknarritgerðir á ráðstefnu sem haldin var hér á landi í lok maí í tilefni af 10 ára afmæli Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands með þátttöku erlendra og innlendra fræðimanna. Starfsmenn bankans birtu auk þess sjö rannsóknarritgerðir í erlendum ritum og lögðu fram tvær á erlendum ráðstefnum. Auk þess birtust niðurstöður rannsókna starfsmanna Seðlabankans í Fjármálatíðindum.

Meðal helstu rannsóknarverkefna sem unnið var að má nefna ramma peningastefnunnar og hagkvæmstu gengisstefnu fyrir Ísland, rætur fjármálalegs óstöðugleika á Íslandi, áhrif seðlabankavaxta á aðra vexti, ákvörðunarþætti neyslu og fjárfestingar, eignaverð og áhættu bankakerfis, og framtíðarhorfur lífeyrissjóða.

SÖFNUN TÖLFRÆÐILEGRA UPPLÝSINGA

Seðlabanki Íslands safnar skipulega upplýsingum um innlendan lánamarkað, greiðslujöfnuð við útlönd og erlenda stöðu þjórðarbúsins. Flestar stofnanir og fyrirtæki á innlendum lánamarkaði veita mánaðarlega upplýsingar um efnahagsliði og stefnt er að mánaðarlegri upplýsingaöflun frá þeim öllum. Greiðslujöfnuður við útlönd og erlend staða þjórðarbúsins eru gerð upp ársfjórðungslega. Upplýsingar þessar leggja grunn að mati bankans á mikilvægum þáttum peningamála og reglulegri birtingu tölulegra gagna í ritum bankans og á vefsíðu hans.

Á árinu 1999 var ákveðið að setja upp gagnagrunnskerfi fyrir öll tölfræðigögn Seðlabankans. Gengið var frá samningi við FAME Information Services, Inc. um notkun á FAME-gagnagrunnskerfinu en fyrirtækið hefur hannað mjög öflugt gagnagrunnskerfi fyrir tímaraðir. FAME-kerfið er í notkun hjá flestum stærstu seðlabönkum heims og alþjóðastofnunum. Gagnagrunnskerfið er rekið í samvinnu við Þjóðhagsstofnun og fjármálaráðuneytið. Tilkoma þess þýðir að öll vistun, úrvinnsla, greining og dreifing á tölfræðilegum upplýsingum bankans færast í nýtt og mjög fullkomið umhverfi sem mun gera alla meðhöndlun tölfræðigagna hraðvirkari og stórlega bæta alla aðstöðu til hagrannsóknar.

SEÐLAR OG MYNT

Í árslok 1999 voru seðlar og mynt í umferð 8,7 ma.kr. sem var 14,3% meira en ári áður. Seðlar í umferð voru 7,5 ma.kr. en hæst varð fjárhæð

þeirra 7,6 ma.kr. um verslunarmannahelgina en sömu helgi árið áður var fjárhæðin 7,2 ma.kr. Í árslok var fjöldi seðla í umferð 5,8 milljónir en var 5,2 milljónir árið áður. Af heildarfjárhæð seðla í umferð var hlutur 5000 kr. seðilsins stærstur, 68,3%, en næst kom 1000 króna seðillinn, 19,9%. Tafla 14 í töfluviðauka sýnir skiptingu seðla og myntar eftir stærðum í lok árána 1996 til 1999. Seðlagreiningardeild bankans bást 21,4 milljónir seðla til vinnslu á árinu samtals að fjárhæð 33,4 ma.kr. Umferðarhraði seðla, þ.e. hve oft á ári hver seðlastærð fer um seðlagreiningardeild, er mismunandi. Sjaldnast fer 5000 kr. seðillinn eða í 4,4 skipti á ári að meðaltali en hver 1000 kr. seðill fer 7 sinnum á ári að meðaltali í gegnum seðlagreiningardeildina. Miðað við árin 1998 og 1999 var endingartími seðla í umferð 45,4 mánuðir á 5000 kr. seðlum, 26,3 mánuðir á 2000 kr. seðlum, 11,6 mánuðir á 1000 kr. seðlum og 10,7 mánuðir á 500 kr. seðlum. Í árslok 1999 nam fjárhæð myntar í umferð 1.153 m.kr. og hafði hækkað um 10% á árinu. Kostnaður við útgáfu seðla og myntar, annar en laun og húsnæði, nam 37,8 m.kr. 1999.

MINNISPENINGAR

Undirbúningi að útgáfu minnispeninga á árinu 2000 í tilefni 1000 ára kristni á Íslandi og landafunda Leifs Eiríkssonar var haldið áfram á árinu 1999. Gullpeningur í tilefni 1000 ára kristni á Íslandi var gefinn út 1. febrúar 2000. Eins og fram kom í ársskýrslu bankans fyrir árið 1998 var hafinn undirbúningur að því að minnst landafundanna með sameiginlegri minnispeningaútgáfu með Bandaríkjamönnum. Undirbúningur útgáfunnar tafðist á meðan beðið var heimildar bandarískra stjórnvalda til þátttöku í henni. Í lok árs 1999 samþykktu báðar deildir Bandaríkjaþings lög sem heimila bandarísku myntsláttunni (US Mint) að slá minnispening samhliða útgáfu íslensks minnispenings í tilefni landafunda Leifs Eiríkssonar. Forseti Bandaríkjanna undirritaði lögin 6. desember 1999. Seðlabanki Íslands hóf viðræður um framkvæmd myntsláttunnar við US Mint í janúar 2000. Bandarísku lögin gera ráð fyrir að hagnaður af útgáfunni renni í sjóð sem nefndur er Sjóður Leifs Eiríkssonar. Markmið hans verður að styrkja íslenska námsmenn til náms í Bandaríkjunum og bandaríska til náms á Íslandi. Hagnaður af útgáfu íslenska peningsins mun renna í sama sjóð. Seðlabankinn hefur í samráði við bandaríska aðila hafið undirbúning að stofnun sjóðsins. Gert er ráð fyrir að Virginíuháskóli (University of Virginia) hafi umsjón með sjóðnum og liðsinni við að semja reglur fyrir hann. Í Virginíuháskóla er virt námsbraut í norrænum fræðum.

ÚTGÁFU- OG UPPLÝSINGAMÁL

Seðlabanki Íslands leggur áherslu á að skýra sem best stefnu sína og aðgerðir í peningamálum. Liður í því er að leggja mat á aðstæður í efnahags- og peningamálum hverju sinni. Seðlabankinn safnar í því skyni upplýsingum og birtir ýmis gögn í fréttum, ritum, skýrslum og á heima-

síðu bankans. Nokkrar breytingar urðu á útgáfumálum á árinu er ákveðið var að hætta útgáfu Hagtalna mánaðarins, Economic Statistics og haustskýrslu á íslensku og ensku. Í staðinn var hafin útgáfa á ársfjórðungsritinu Peningamál og útgáfu þess rits á ensku, Monetary Bulletin. Jafnframt var ákveðið að birta talnalegar upplýsingar af ýmsu tagi fyrst og fremst á heimasíðu bankans undir yfirskriftinni Hagtölur Seðlabankans. Rit bankans eru einnig aðgengileg þar. Ársskýrsla bankans er gefin út á íslensku og ensku. Stefnu bankans eru jafnan gerð góð skil í ræðu formanns bankastjórnar á ársfundi bankans. Fjármálatíðindi eru gefin út tvisvar á ári og einnig ritið The Economy of Iceland. Seðlabankinn hefur gefið út handbókina Iceland the Republic, síðast árið 1996. Í bókinni er safn greina um sögu, menningu og efnahag íslensku þjóðarinnar. Þá gefur Seðlabankinn út sérrit og hafa þrjú slík rit komið út, hið síðasta árið 1998. Í janúar 1998 hóf bankinn útgáfu á ensku á rannsóknarritgerðum undir yfirskriftinni Central Bank of Iceland Working Papers og höfðu fimm slíkar verið gefnar út í lok ársins 1999. Á heimasíðu bankans er að finna ýmsar upplýsingar um gengi, vexti og ýmsar aðrar hagstærðir. Að auki er þar að finna upplýsingar um reglur sem bankinn setur, fréttir bankans og helstu erindi og ræður yfirmanna bankans. Fréttir sem bankinn gefur út um aðgerðir, verðbólguþátt, efnahag sinn o.fl. eru jafnan birtar á heimasíðunni um leið og þær eru gefnar út. Slóð heimasíðunnar er www.sedlabanki.is. Rit Seðlabanka Íslands gefin út á árinu 1999 eru talin upp í viðauka á bls. 69.

Bankastjórar og starfsmenn Seðlabankans fluttu erindi á ráðstefnu um innanlands sem utan um stefnu Seðlabankans í peningamálum og íslensk og alþjóðleg efnahagsmál. Jafnframt hefur Seðlabankinn tekið á mótí námsmönnum og starfsmannahópum og kynnt þeim starfsemi bankans.

BIRTINGARSTAÐALL ALÞJÓÐAGJALDEYRISJÓÐSINS

Í kjölfar aðildar Íslands að birtingarstaðli Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (*Special Data Dissemination Standard*) árið 1996 hafa vinnubrögð smám saman verið að breytast við birtingu upplýsinga um hagstærðir. Í staðlinum er m.a. gert ráð fyrir því að tiltekna tölfraðilegar upplýsingar birtist innan tilgreinds frests frá lokum þess tíma sem þær gilda fyrir eða taka til í samræmi við fyrirfram ákveðna birtingaráætlun. Með hliðsjón af þessu birtir Seðlabankinn á vefsíðu sinni áætlun um hvenær tiltekna tölfraðilegar upplýsingar verða birtar. Sömu reglu er fylgt við birtingu í Hagtölum Seðlabankans á vefsíðu bankans en þar birtast einnig ýmsar upplýsingar sem ekki heyra undir staðalinn. Auk þess að kveða á um birtingaráætlanir gerir staðallinn kröfu til þess að upplýsingarnar sem hann tekur til séu settar fram í samræmi við skilgreiningar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins þannig að tryggt sé að þær séu sambærilegar á milli landa. Á heimasíðu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (www.imf.org) er að finna nánari upplýsingar um birtingarstaðalinn. Á þeirri síðu og sérstakri vefsíðu fyrir upplýsingar um birtingarvenjur þeirra landa sem aðild eiga

að staðlinum (dsbb.imf.org) er greint frá upplýsingamiðlun Seðlabankans og annarra íslenskra stofnana sem skuldbundnar eru til þess að fylgja staðlinum.

KRÖFUR UM GAGNSÆI OG REIKNINGSSKIL

Á undanförunum árum hafa verið gerðar vaxandi kröfur til seðlabanka um að þeir geri skýra grein fyrir markmiðum peningastefnu sinnar, framkvæmd hennar og annarri starfsemi sinni. Algengt er að þessar kröfur hafi tengst sjálfstæði bankanna, þ.e. að samfara efldu sjálfstæði hafi verið gerðar vaxandi kröfur um að þeir standi reikningsskil gerða sinna gagnvart stjórnvöldum og almenningi. Seðlabanki Íslands hefur fylgt fordæmi annarra seðlabanka og lagt vaxandi áherslu á að skýra sem best stefnu sína og aðgerðir í peningamálum og mat á aðstæðum í efnahags- og peningamálum. Til þessa notar hann útgáfur sínar sem lýst var hér að framan. Löggin um Seðlabanka Íslands frá 1986 leggja honum á herðar þá skyldu að senda ráðherra eigi sjaldnar en tvisvar á ári greinargerð um þróun og horfur í peningamálum, greiðslujafnaðar- og gengismálum. Undanfarin ár hefur Seðlabankinn uppfyllt þessa skyldu með útgáfu ársskýrslu og ræðu formanns bankastjórnar á ársfundi og að hausti með útgáfu haustskýrslu. Með þeirri breytingu sem varð á ritaútgáfu bankans á árinu 1999 er skýrslugjöfin orðin enn tíðari því að bankinn birtir nú mat sitt á aðstæðum og horfum á þriggja mánaða fresti.

Þegar Seðlabanki Íslands hefur gripið til aðgerða í peningamálum í seinni tíð, svo sem við hækkun vaxta á árinu 1999, hefur í fréttatilkynningum verið leitast við að skýra tilgang aðgerðanna eftir föngum og eftir hverju bankinn sæktist.

Að öðru leyti hefur Seðlabankinn lagt vaxandi áherslu á að gera í ársskýrslu sinni grein fyrir ýmsum þáttum í starfsemi sinni auk þess sem jafnan er gerð ítarleg grein fyrir skiptingu rekstrarkostnaðar bankans í skýringum með ársreikningnum.

AÐILD SEÐLABANKA ÍSLANDS AÐ STJÓRNUM STOFNANA OG FYRIRTÆKJA

Seðlabanki Íslands á hlut í Reiknistofu bankanna. Í samstarfssamningi frá 1994 kemur fram að bankinn hafi lagt til fimmtung stofnframlags til Reiknistofunnar. Eiríkur Guðnason bankastjóri var fulltrúi bankans í stjórn Reiknistofunnar og varafulltrúi Ingvar A. Sigfússon rekstrarstjóri bankans. Fulltrúi bankans í öryggis- og endurskoðunarnefnd Reiknistofunnar var Lilja Steinþórsdóttir aðalendurskoðandi. Fulltrúi bankans í samráðsnefnd Reiknistofunnar var Árni Þórðarson deildarstjóri á bókhaldssviði en Þór Hauksson forstöðumaður tölvudeildar var skipaður í hans stað á árinu.

Seðlabanki Íslands á 16% hlut í Verðbréfaþingi Íslands hf. Eiríkur Guðnason bankastjóri lét af stjórnarformennsku og setu í stjórn Verðbréfaþings Íslands á ársfundi þingsins 1999. Sveinbjörn Hafliðason

aðallögfræðingur bankans tók sæti í stjórn þingsins. Varamaður var skipaður Sveinn E. Sigurðsson framkvæmdastjóri tölfraeðisviðs bankans.

Með yfirstjórn Fjármálaeftirlitsins fer þriggja manna stjórn skipuð af viðskiptaráðherra. Einn stjórnarmanna er skipaður eftir tilnefningu Seðlabanka Íslands. Fulltrúi Seðlabankans í henni var Birgir Ísl. Gunnarsson formaður bankastjórnar og varamaður Ingimundur Friðriksson aðstoðarbankastjóri. Finnur Ingólfsson bankastjóri tók sæti Birgis Ísl. Gunnarssonar í stjórninni í byrjun árs 2000.

Samkvæmt samþykktum fyrir Tryggingasjóð innlánsdeildanna skipar Seðlabanki Íslands fulltrúa í stjórn sjóðsins. Birgir Ísl. Gunnarsson formaður bankastjórnar sat í stjórninni en undir lok ársins var Ingimundur Friðriksson aðstoðarbankastjóri skipaður fulltrúi bankans í stað hans og Sveinbjörn Hafliðason aðallögfræðingur til vara.

Starfsmenn Seðlabanka Íslands eru í Lífeyrissjóði bankamanna. Fulltrúi bankans í stjórn sjóðsins var Yngvi Örn Kristinsson framkvæmdastjóri peningamálasviðs bankans og varafulltrúi Ingimundur Friðriksson aðstoðarbankastjóri.

VERKEFNI TENGD INNLENDRI LÁNASTARFSEMI RÍKISSJÓÐS

Samkvæmt samningi við fjármálaráðherra veitir Seðlabanki Íslands ríkissjóði ýmsa þjónustu sem tengist verðbréfaútgáfu hans. Bankinn sér um innkaup og geymslu öryggispappírs og birgðahald prentaðra markaðsverðbréfa svo og prentun og geymslu markaðsverðbréfa og annarra verðbréfa sem ríkissjóður gefur út. Í samráði við Lánasýslu ríkisins annast bankinn umsýslu vegna áskriftarkerfis spariskírteina ríkissjóðs og vörslu skírteina að ósk áskrifenda. Þá innleysir bankinn og selur markaðsverðbréf ríkissjóðs á móti innlausn. Samkvæmt samningnum við fjármálaráðherra annast Seðlabanki Íslands launagreiðslur fyrir Lánasýslu ríkisins.

TÆKNIADSTOÐ

Starfsmenn Seðlabanka Íslands hafa tekið þátt í tækniadstoð við þróunarlönd á vegum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Á árinu 1999 tóku starfsmenn bankans þátt í tæknilegri aðstoð við Trínidad og Tóbagó og heimastjórn Palestínu. Seðlabankinn hefur tekið því vel þegar eftir þátttöku sérfræðinga bankans í slíkri aðstoð hefur verið leitað enda telur hann að það feli annars vegar í sér viðurkenningu á faglegum vinnubrögðum Seðlabankans og starfsmanna hans og hins vegar að þátttaka sérfræðinga hans gagnist bæði þeim og Seðlabankanum.

TRYGGINGARSJÓÐUR VIÐSKIPTABANKA

Samkvæmt reglugerð um Tryggingarsjóð viðskiptabanka hafði Seðlabanki Íslands með höndum vörslu sjóðsins. Í því fólst að Seðla-

bankinn varðveitti verðbréfaeign hans og veitti honum þjónustu sem því fylgdi. Bankinn fékk greiddan kostnað sem hann varð fyrir vegna starfsemi sjóðsins. Í ársbyrjun 2000 tóku gildi lög um Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta sem leysir m.a. af hólmi Tryggingarsjóð viðskiptabanka.

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN

Eins og fram kemur í skýringum með reikningum Seðlabanka Íslands greiðir hann samkvæmt lögum helming rekstrarkostnaðar Þjóðhagsstofnunar á móti ríkissjóði. Þjóðhagsstofnun er til húsa í Seðlabankanum. Fjármálaráðuneytið, Seðlabankinn og Þjóðhagsstofnun hafa með sér samráð um rekstur stofnunarinnar en Seðlabankinn hefur engin áhrif á starfsemi eða viðfangsefni Þjóðhagsstofnunar að öðru leyti.

ÞJÓÐHÁTÍÐARSJÓÐUR

Árið 1999 var 22. starfsár Þjóðhátíðarsjóðs sem starfar samkvæmt skipulagsskrá frá 1977. Stofnfé sjóðsins var ágóði af útgáfu Seðlabanka Íslands á þjóðhátíðarmynd frá 1974 og tekjur hans hafa verið ágóði Seðlabankans af útgáfu og sölu annarra minnispeninga. Stjórn sjóðsins skipa fimm fulltrúar. Þrír eru kjörnir af Alþingi, einn tilnefndur af ríkisstjórninni og einn af Seðlabankanum. Forsætisráðherra skipar formann sjóðsstjórnar. Formaður er Hulda Valtýsdóttir blaðamaður. Fulltrúi Seðlabankans í stjórninni er Birgir Ísl. Gunnarsson formaður bankastjórnar. Stjórn sjóðsins ákvað að verja skyldi allt að 3 m.kr. til styrkja á árinu 1999. Samkvæmt skipulagsskrá rennur fjórðungur úthlutunarfjár til Friðlýsingarsjóðs til náttúruverndar á vegum Náttúruverndarráðs og fjórðungur til varðveislu fornminja, gamalla bygginga og annarra menningarverðmæta á vegum Þjóðminjasafns. Úthlutað var 11 styrkjum til umsækjenda, samtals að fjárhæð 1,5 m.kr. Höfuðstóll sjóðsins var 71,6 m.kr. í lok ársins 1999.

HÚSNÆÐI BANKANS - BÓKASAFN

Í húsi bankans við Kalkofnsveg voru í árslok 1999 til húsa auk Seðlabankans Þjóðhagsstofnun, Reiknistofa bankanna að hluta og Verðbréfaskráning Íslands hf. Sá hluti Fjármálaeftirlitsins sem áður var til húsa í Seðlabankanum hvarf á brott í maí 1999. Fyrirhugað var að Verðbréfaskráning Íslands flytti úr húsi Seðlabankans á fyrri hluta árs 2000. Fyrir lok ársins 1999 hafði verið gengið frá samningi við Reiknistofu bankanna um leigu á viðbótarhúsnæði til hennar þannig að allir starfsmenn hennar yrðu í húsi Seðlabankans frá því snemma árs 2000.

Bóka- og skjalasafn Seðlabanka Íslands er að mestu til húsa í Einholti 4 í Reykjavík. Þar er einnig myntsafn Seðlabankans og Þjóðminjasafns sem opið er almenningi alla virka daga. Tímarita- og handbókasafn er einnig í húsi bankans við Kalkofnsveg. Bókasafn Seðlabankans


hefur verið skráð í skráningarkerfi Landsbókasafns Íslands, Gegni. Í lok árs 1999 voru liðlega 18 þúsund færslur merktar safninu í Gegni. Liðlega 90% bókakostsins eru bækur um efnahags- og fjármál og tengd mál.

AFKOMA SEÐLABANKA ÍSLANDS

Við gerð ársreiknings Seðlabanka Íslands fyrir árið 1999 giltu nýjar reglur um reikningsskil og gerð ársreiknings Seðlabanka Íslands. Í skýringum með ársreikningnum er gerð grein fyrir helstu breytingum frá fyrri reglum og áhrifum þeirra. Vegna breytinganna verður að hafa fyrirvara á samanburði við fyrri ár.

Á árinu 1999 var hagnaður af rekstri Seðlabanka Íslands 916 m.kr. en 1.510 m.kr. 1998. Eftir framlag til ríkissjóðs nam hagnaðurinn 322 m.kr. en 979 m.kr. 1998. Framlag til ríkissjóðs var 594 m.kr. á árinu. Samkvæmt lögum nemur framlagið 50% af meðalhagnaði næstliðinna þriggja ára að frádregnu framlagi í arðsjóð og verðbótum og vöxtum af honum. Við útreikning meðalhagnaðar er afkoma hvers árs færð til meðalverðlags síðasta ársins. Rekstrarkostnaður Seðlabankans á árinu 1999 að meðtöldum kostnaði við útgáfu seðla og myntar nam 848 m.kr. og hafði lækkað um 62 m.kr. frá árinu áður. Sem fyrir segir nam framlag til ríkissjóðs 594 m.kr., fasteignagjöld 31 m.kr., þátttaka Seðlabankans í rekstri Þjóðhagsstofnunar 60 m.kr. og framlag til Vísindasjóðs 145 m.kr. Opinber gjöld og önnur lögbundin framlög til opinberra aðila námu því samtals 830 m.kr.

Erlendar eignir bankans að frátöldu mótvirði innstæðna Alþjóðagjaldeyrissjóðsins jukust um tæpa 2 ma.kr. á árinu. Erlendar skuldir aðrar en mótvirði SDR og innstæður Alþjóðagjaldeyrissjóðsins lækkuðu um 4,2 ma.kr. á árinu. Erlendar skuldir til skamms tíma stóðu nokkurn veginn í stað en langtímaskuldirnar lækkuðu. Í lok ársins námu langtímaskuldir bankans 1,2 ma.kr. og höfðu lækkað um tæpa 4 ma.kr. á árinu. Á árinu jukust kröfur bankans á innlánsstofnanir og aðrar fjármálastofnanir um 11,8 ma.kr., ekki síst vegna mikilla endurhverfra viðskipta bankans við þessar stofnanir. Á móti lækkuðu kröfur bankans á ríkissjóð og ríkisstofnanir verulega auk þess sem innstæður ríkissjóðs í Seðlabankanum hækkuðu þannig að nettókröfur Seðlabankans á ríkissjóð og ríkisstofnanir lækkuðu um 3,4 ma.kr. og voru neikvæðar um 11,5 ma.kr. í lok ársins. Innstæður innlánsstofnana í Seðlabanka Íslands jukust einn-



ig mikið, úr tæpum 13 ma.kr. í lok árs 1998 í 27,5 ma.kr. í lok árs 1999. Eign bankans í markaðsskráðum verðbréfum jókst lítillega og nam 6,5 ma.kr. í lok ársins.

Eigið fé bankans jókst um 0,7 ma.kr. 1999 og nam 18,7 ma.kr. í lok ársins. Eiginfjárlutfall bankans var 20,7% í lok ársins og hafði lækkað úr 24% frá árinu áður. Engar forskriftir eru til um hvert eiginfjárlutfall seðlabanka skuli vera. Til samanburðar má geta þess að í árslok 1998 var eiginfjárlutfall danska seðlabankans 23,8%, þess norska 16,8%, þess sænska 55,6% og þess finnska 9,9%. Færa má rök fyrir því að samsetning efnahagsreiknings Seðlabanka Íslands og gengisáhættan sem hann býr við krefjist herra eiginfjárlutfalls en ella.

Afkoma Seðlabankans er mjög næm fyrir gengisendurmati eigna og skulda. Gengisendurmatið ræðst annars vegar af breytingum á gengi krónunnar og hins vegar af innbyrðis breytingum á gengi erlendra gjaldmiðla. Gjaldfært gengisendurmat á árinu 1999 nam 183 m.kr. Í lok ársins námu gengisbundnar erlendar eignir liðlega 40% af heildareignum hans og skuldir í erlendum gjaldmiðlum námu um 15% af heildarskuldum. Á árinu 1999 fylgdi Seðlabankinn aðhaldssamri stefnu í peningamálum sem m.a. endurspegladist í hækkun á gengi krónunnar. Eitt meginhlutverk bankans er að varðveita gjaldeyrisvarasjóð og eins og að framan greinir vega erlendar eignir mun þyngra í efnahagsreikningi bankans en erlendar skuldir. Bankinn getur ekki firrt sig gengisáhættu og áhrifa breytinga á gengi krónunnar gætir mjög í afkomu hans. Í lok ársins 1999 nam gjaldeyrisforði bankans 35,8 ma.kr. Hækkun gengis krónunnar um 1% fæli í sér lækkun krónufjárhæðar gjaldeyrisforðans um 358 m.kr. og hliðstæða gjaldfærslu gengisendurmat í rekstrarreikningi. Hlutverk Seðlabanka Íslands er ekki að skila sem mestum hagnaði og eins og leiðir af framansögðu getur stefna hans í peningamálum beinlínis rýrt afkomu hans.

Í árslok 1999 námu seðlar og mynt í umferð liðlega 12% af heildarskuldum bankans sem var lítið eitt lægra hlutfall en ári áður. Til samanburðar má geta þess að í árslok 1998 nam hliðstætt hlutfall tæpum 30% í danska seðlabankanum, tæpum 16% í þeim norska, 34% í þeim finnska og 91% í þeim sænska. Sem hlutfall af vergri landsframleiðslu var hlutfall seðla og myntar í umferð einnig lægra á Íslandi en í flestum öðrum löndum.

Sundurliðun á reikningum bankans er sýnd aftar í skýrslunni auk ítarlegra skýringa við einstaka liði. Þar með talin er ítarleg sundurliðun á rekstrarkostnaði bankans.

BANKARÁÐ

Kosið var í bankaráð á Alþingi í nóvember 1998 fyrir kjörtímabil sem stendur til loka október 2002. Í febrúar 1999 var Hörður Zóphaníasson fyrrverandi skólastjóri kosinn varafulltrúi í stað Margrétar Heinreksdóttur lögfræðings. Aðrar breytingar urðu ekki á bankaráði.

Bankaráð Seðlabanka Íslands hélt 22 fundi á árinu 1999. Á næst-

síðasta fundi ársins fjallaði bankaráð um umsóknir um stöðu Seðlabankastjóra og meirihluti þess gerði tillögu til forsætisráðherra um að Finnur Ingólfsson yrði skipaður bankastjóri.

BANKASTJÓRN

Ekki var skipað í laust embætti Seðlabankastjóra fyrr en í lok ársins þegar Finnur Ingólfsson var skipaður bankastjóri frá 1. janúar 2000. Bankastjórnin var því skipuð tveimur bankastjórum á árinu 1999.

RÁÐHERRASKIPAÐUR ENDURSKOÐANDI

Í lögum um Seðlabanka Íslands segir að auk innri endurskoðunar, sem starfar undir umsjá bankaráðs, skuli endurskoðun hjá bankanum framkvæmd af Ríkisendurskoðun og skoðunarmanni sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn og skal hann vera löggiltur endurskoðandi. Í janúar 1999 skipaði viðskiptaráðherra Sævar Þór Sigurgeirsson löggiltan endurskoðanda skoðunarmann í stað Stefáns Svavarssonar sem lét af embætti að eigin ósk á árinu 1998.

SKIPULAG BANKANS

Starfsemi bankans skiptist í sex megin svið auk endurskoðunar (sjá starfsmannayfirlit í lok kaflans). Nokkrar deildir tilheyra ekki megin sviðum bankans. Skrifstofa bankastjórnar annast almennt skrifstofuhald fyrir bankastjórn. Þar er einnig umsjón með ýmissi kynningarstarfsemi og upplýsingamiðlun bankans, ritstjórn nokkurra rita hans og heimasíðunnar á vefnum. Lögfræðingar annast margvíslega samningagerð fyrir hönd bankans og frágang löggerninga og skuldaskjala. Þá taka þeir þátt í undirbúningi laga og reglugerða og samningu lögfræðilegra álitsgerða. Safnadeild annast bóka- og skjalasafn bankans auk myntsafns Seðlabankans og Þjóðminjasafns. Bóka- og myntsafn bankans er til húsa í Einholti 4. Tölvudeild hefur umsjón með rekstri tölvukerfa bankans og annast hönnun og viðhald hugbúnaðarkerfa.

Alþjóðasvið annast vörslu gjaldeyrisforðans og erlend lánamál ríkissjóðs. Tengd þessu er umsjá með reglulegum samskiptum við erlend fyrirtæki sem sérhæfa sig í lánshæfismati á alþjóðlegum vettvangi. Þá annast alþjóðasvið regluleg tengsl bankans við Alþjóðagjaldeyris sjóðinn og útgáfu eins af ritum bankans.

Bókhaldssvið hefur umsjón með færslu aðalbókhalds Seðlabankans, Þjóðhagsstofnunar og Orkusjóðs og hefur umsjón með bókhaldi yfir innlausn spariskírteina og erlend lán ríkissjóðs.

Á hagfræðisviði er unnið að rannsóknum á sviði efnahags- og peningamála með sérstakri áherslu á þau svið sem tengjast verkefnum bankans. Þá eru þar unnar álitsgerðir um stefnu og starfsemi bankans auk greiningar á þróun efnahags- og peningamála. Hagfræðisvið hefur einnig umsjón með útgáfu sumra rita bankans.

Starfsemi peningamálasviðs er í aðalatriðum þrjúþætt. Í fyrsta lagi undirbýr það vaxtaákvæðanir bankans, safnar upplýsingum um vexti innanlands og utan og tekur þátt í samráði við fjármálaráðuneyti og Lánasýslu ríkisins um sölu ríkisverðbréfa. Í öðru lagi annast peningamálasvið öll viðskipti bankans á innlendum gjaldeyris- og peningamörkuðum og skráningu opinbers viðmiðunargengis krónunnar auk þess að vaka yfir millibankamarkaði í krónum. Í þriðja lagi hefur peningamálasvið með ört vaxandi verkefni bankans tengd greiðslumiðlun að gera.

Rekstrar- og afgreiðsluvið er fjölmennasta svið bankans og skiptist einnig í nokkrar einingar. Rekstrardeild sinnir rekstri og umsýslu eigna og lausafjármuna bankans, öryggismálum, innkaupum og útgjaldaeftirliti. Þá er þar umsjón með gerð nýrra seðla og myntar. Deildin annast starfsmannahald bankans og launamál og undir hana heyrir margvísleg innanhússþjónusta. Deildin sér einnig um launagreiðslur til starfsmanna Þjóðhagsstofnunar og Lánasýslu ríkisins. Fjárhirslur annast meðferð seðla og myntar, dreifingu í seðlageymslur á landsbyggðinni og afgreiðslu til bankastofnana á höfuðborgarsvæðinu. Afgreiðsla sinnir ýmissi þjónustu, svo sem umsjón með áskriftarkerfi spariskírteina og innlausn þeirra og annarra ríkisskuldabréfa.

Á tölfræðisviði fer fram öll innheimta, úrvinnsla og fyrsta greining gagna frá lánastofnunum um efnahag og rekstur o.fl. Þar fer einnig fram söfnun upplýsinga um greiðslumiðlun og verðbréfamiðlun, um gjaldeyrishreyfingar vegna uppgjörs þjónustu- og greiðslujafnaðar og um erlend lán innlendra aðila. Tölfræðisvið hefur umsjón með útgáfu tölfræðilegra gagna á vefsíðu Seðlabankans og með samræmdum gagnagrunni hans.

Endurskoðun bankans hefur þá sérstöðu að aðalendurskoðandi er ráðinn af bankaráði en ekki bankastjórn. Endurskoðunardeildin annast endurskoðun bókhalds, færslna og fjárreiðna bankans og sjóða í umsjá hans. Auk þess er starfsemi bankans endurskoðuð af löggiltum endurskoðanda sem viðskiptaráðherra skipar til fjögurra ára í senn og af Ríkisendurskoðun.

Tvær nefndir gegna þýðingarmiklu hlutverki, markaðsnefnd og fjármálastöðugleikanefnd. Þær eru bankastjórn til ráðgjafar, markaðsnefnd um stefnuna í peningamálum og aðgerðir Seðlabankans á mörkuðum og fjármálastöðugleikanefnd um allt sem lýtur að stöðugleika og öryggi fjármálastofnana og markaða.

STARFSLIÐ

Í árslok 1999 voru starfsmenn Seðlabanka Íslands 117 að tölu, 64 karlar og 53 konur og var það 16 færri en í árslok 1998. Við stofnun Fjármálaeftirlitsins í ársbyrjun 1999 hurfu 14 starfsmenn bankaftirlits Seðlabankans úr þjónustu bankans. Starfsgildi voru 108,1 í lok árs 1999. Til samanburðar má nefna að í árslok 1990 voru starfsgildi í bankanum 147. Af 15 störfum við sameiginlegt mötuneyti, öryggis- og húsvörslu

voru sjö vegna hlutdeildar Reiknistofu bankanna og Þjóðhagsstofnunar. Meðalstarfsgildi ársins voru 111,2 en 128,5 árið áður. Í tæpum helmingi starfsgilda voru háskólamenntaðir starfsmenn.

Á árinu voru sjö nýir starfsmenn ráðnir til starfa og 24 létu af störfum. Starfsgildum fækkaði um 16,2 frá árslokum 1998 til jafnlengdar 1999. Þar af höfðu 14,9 verið í bankaeftirliti. Til sumarstarfa voru ráðnir 20 starfsmenn og var það sami fjöldi og árið áður.

Meðal starfsmanna sem hættu störfum árið 1999 fóru fjórir á eftirlaun. Í þeirra hópi voru starfsmenn sem starfað höfðu lengi í bankanum. Gunnlaugur Arnórsson aðalendurskoðandi lét af störfum 30. apríl eftir nærri 42 ára starf. Hann hóf störf við endurskoðunardeild Landsbanka Íslands og réðst til Seðlabanka Íslands í mars 1962 sem fulltrúi við bankaeftirlit. Gunnlaugur var ráðinn aðalendurskoðandi Seðlabankans í október 1968. Bjarni Kjartansson deildarstjóri í endurskoðunardeild lét af störfum 30. apríl eftir 45 ára starf. Hann hóf störf í víxladeild Landsbanka Íslands og starfaði síðan í ýmsum öðrum deildum bankans. Bjarni réðst til Seðlabanka Íslands við stofnun hans, var ráðinn deildarstjóri ávísanaskiptadeildar 1971 og deildarstjóri í endurskoðunardeild 1977. Stefán M. Gunnarsson forstöðumaður gjaldeyriseftirlits lét af störfum 31. desember eftir 35 ára starf. Hann hóf störf í endurskoðunardeild en starfaði síðan í ýmsum deildum til maíloka 1976, er hann varð bankastjóri Alþýðubankans. Stefán hóf aftur störf í gjaldeyriseftirliti Seðlabankans í mars 1989 og var skipaður forstöðumaður þar í maí 1991.

Eins og greint var frá í ársskýrslu bankans fyrir árið 1998 var Lilja Steinþórsdóttir ráðin aðalendurskoðandi í stað Gunnlaugs Arnórssonar. Á árinu 1999 var Jónína Þorvaldsdóttir ráðin deildarstjóri og staðgengill aðalendurskoðanda og Þórarinn G. Pétursson deildarstjóri hagrannsóknna á hagfræðisviði.

Eins og greint hefur verið frá í fyrri ársskýrslum bankans staðfesti bankastjórn í apríl 1996 jafnréttisáætlun sem gerir ráð fyrir ákveðinni starfsmannastefnu og kveður svo á að hlutur kynjanna í stjórnunarstöðum og öðrum auglýstum stöðum í bankanum skuli jafnaður eins og kostur er. Stefnit skuli að því að í ársbyrjun 2003 verði hlutur hvors kyns um sig að lágmarki 30% af starfsmannafjölda í slíkum stöðum í heild. Í árslok 1999 var hlutur kvenna í stjórnunarstöðum og öðrum auglýstum stöðum kominn í 23,3% en var 22,5% í árslok 1998 og 15,3% í árslok 1996.

	Starfs- menn	Starfs- gildi
Aðalskrifstofa	21	19,4
Skrifstofa		
bankastjórnar	5	5
Lögfræðingar	2	2
Safnadeild	6	5,4
Tölvudeild	7	7
Alþjóðasvið	6	6
Bókhaldssvið	10	9,7
Hagfræðisvið	11	10,8
Peningamálasvið	8	8
Rekstrar- og afgreiðslusvið	46	38,6
Rekstrardeild	29	22
Fjárhirslur	12	11,6
Afgreiðsludeild	5	5
Tölfræðisvið	12	11,8
Endurskoðun	4	3,8
Alls	117	108,1

STJÓRN SEÐLABANKA ÍSLANDS OG STARFSMENN
31. DESEMBER 1999

Bankaráð

Aðalmenn

Ólafur G. Einarsson fyrrverandi forseti Alþingis, formaður
Davíð Aðalsteinsson bóndi, varaformaður
Ingunn Elín Sveinsdóttir viðskiptafræðingur
Ragnar Arnalds fyrrverandi alþingismaður
Próstur Ólafsson framkvæmdastjóri

Varamenn

Erna Bryndís Halldórsdóttir löggiltur endurskoðandi
Finnur Þór Birgisson lögfræðingur
Leó Löve lögfræðingur
Kristín Sigurðardóttir viðskiptafræðingur
Hörður Zophaníasson fyrrverandi skólastjóri

Bankastjórn

Birgir Ísleifur Gunnarsson
Eiríkur Guðnason

Aðstoðarbankastjóri

Ingimundur Friðriksson¹

Framkvæmdastjórnar

Alþjóðasvið:	Ólafur Ísleifsson framkvæmdastjóri
Bókhaldssvið:	Erla Árnadóttir aðalbókari
Endurskoðun:	Lilja Steinþórsdóttir aðalendurskoðandi
Hagfræðisvið:	Már Guðmundsson aðalhogfræðingur ¹
Lögfræðingar:	Sveinbjörn Hafliðason aðallögfræðingur
Peningamálasvið:	Yngvi Örn Kristinsson framkvæmdastjóri ¹
Rekstrar- og afgreiðslusvið:	Ingvar A. Sigfússon rekstrarstjóri
Tölfræðisvið:	Sveinn E. Sigurðsson framkvæmdastjóri

1. Situr fundi bankaráðs.

Aðrir starfsmenn

AÐALSKRIFSTOFA/ LÖGFRÆÐINGAR O.FL.

Skrifstofa bankastjórnar

Ágústa Johnson deildarstjóri
Katrín Albertsdóttir
Stefán Jóhann Stefánsson ritstjóri
Þorbjörg Magnúsdóttir

Lögfræðingar

Sigfús Gauti Þórðarson deildarstjóri

Safnadeild

Anton Holt
Bergljót Gyða Haraldsdóttir
Jónas Finnbogason deildarstjóri
Magný Ellertsdóttir
Ólafur Pálmason forstöðumaður
Valborg Stefánsdóttir

Tölvudeild

Agnar Örn Arason deildarstjóri
Arnar Freyr Guðmundsson
Ágúst Úlfar Sigurðsson deildarstjóri
Mark R. Eldred
Sæmundur Valdimarsson
Tryggvi Eyvindsson
Þór Hauksson forstöðumaður

ALÞJÓÐASVIÐ

Björn Friðgeir Björnsson
Björn Gunnar Ólafsson
Gerður Ísberg
Jón Þ. Sigurgeirsson deildarstjóri
Steinunn Birgisdóttir

BÓKHALDSSVIÐ

Alf H. Pedersen
Anna S. Árnadóttir
Arndís Leifsdóttir
Árni Þórðarson deildarstjóri
Elísabet Þorvaldsdóttir
Halldóra Konráðsdóttir
Ísólfrur Sigurðsson deildarstjóri
Jónína Guðbjartsdóttir
Ragnhildur Kvaran

ENDURSKOÐUN

Guðlaug Karlsdóttir
Helga Halldórsdóttir
Runólfur Sigurðsson

HAGFRÆÐISVIÐ

Arnór Sighvatsson deildarstjóri
Elín Guðjónsdóttir

Guðmundur Guðmundsson tölfraeð-
ingur

Hjördís Dröfn Vilhjálmsdóttir
Kristín Hjartar
Kristjón Kolbeins
Markús Möller deildarstjóri
Ólafur Klemensson
Sif Cortes
Þórarinn G. Pétursson deildarstjóri

PENINGAMÁLASVIÐ

Björgvin Sighvatsson
Ingibjörg Ólöf Isaksen
Ingunn S. Bragadóttir
Ólafur K. Ólafs deildarstjóri
Sigríður Bogadóttir
Sigurður Árni Kjartansson deildar-
stjóri
Tómas Örn Kristinsson

REKSTRAR- OG AFGREIÐSLU- SVIÐ

Birna K. Jónsdóttir
Hólmfríður M. Ingibergsdóttir
Þórður Gautason deildarstjóri

Afgreiðsludeild

Dagný Ágústsdóttir
Kolbrún Guðlaugsdóttir deildarstjóri
Ólöf Jónsdóttir
Sveinbjörg Rut Helgadóttir
Þorsteinn Magnússon forstöðumaður

Fjárhirslur

Björn Björgvinsson
Hannes Haraldsson
Ingveldur S. Kristjánsson
Jón Friðsteinsson aðalféhirðir
Kolbrún Jóhannsdóttir
Þorsteinn Þorvaldsson

Seðlagreining

Auður Gísladóttir deildarstjóri
Anna Steinbjörnsdóttir
Birna Friðriksdóttir
Hulda Guðnadóttir
Ingibjörg Jakobsdóttir
Unnur Agnarsdóttir

Fjölritun, póstur, símfarsla

Hjördís Thorarensen
Hólmgeir H. Hákonarson
Klara Jóhannsdóttir
Loftur Þ. Sigurjónsson
María Jenný Jónasdóttir

Ólöf Björnsdóttir
Sveinn A. Blöndal deildarstjóri
Þórey Þórarinsdóttir

Bifreiðastjórn o.fl.

Karl G. Smith
Garðar Halldórsson

Húsvarsla, viðhald eigna, ræsting

Anna Rós Hauksdóttir
Berglind Þorsteinsdóttir
Bylgja Þorvarðardóttir
Elsa S. Haraldsdóttir
Eygló Ingvadóttir
Guðrún Stefánsdóttir
Gyða Gunnarsdóttir
Halla Leifsdóttir
Marteinn Jóhannesson
Ólafía Egilsdóttir
Sigurlaug Jósepsdóttir
Sólveig Edda Ingvarsdóttir
Sólveig Kristinsdóttir
Steingrímur Steingrímsson
Svala Sigurðardóttir
Sören P. Madsen
Þorsteinn Eyjólfsson húsvörður

Öryggisvarsla

Brynjólfur Samúelsson
Gunnlaugur Magnússon
Jóhann Gunnar Friðjónsson
Rögnvaldur Bergsveinsson
Sigurður A. Benediktsson
Sæmundur Örn Sveinsson flokks-
stjóri

Mötuneyti

Guðrún Unnur Gunnarsdóttir
Ingibjörg Guðmundsdóttir
Jóhanna Katrín Vernharðsdóttir
Kristbjörg Ólafsdóttir
Sigurberg Jónsson matreiðslumaður

TÖLFRÆÐISVIÐ

Borislav T. Petkov
Eiður H. Einarsson
Fjóla Agnarsdóttir
Guðrún Sigmarsdóttir
Jakob Gunnarsson deildarstjóri
Kristjana Baldursdóttir deildarstjóri
Kristjana Edda Haraldsdóttir
Pétur Örn Sigurðsson
Sigfríður Fanney Úlfjótisdóttir
Stefán Arnarson
Þór Saari



ÁRSREIKNINGUR 1999

Staðfesting yfirstjórnar Seðlabanka Íslands

Bankaráð og bankastjórn Seðlabanka Íslands staðfesta hér með ársreikning bankans fyrir árið 1999 með undirritun sinni.

Reykjavík, 24. febrúar 2000

Áritun bankaráðs

Ólafur G. Einarsson
formaður

Davíð Aðalsteinsson

Þröstur Ólafsson

Ingunn Elín Sveinsdóttir

Ragnar Arnalds

Áritun bankastjórnar

Birgir Ísl. Gunnarsson

Eiríkur Guðnason

Finnur Ingólfsson

Erla Árnadóttir
aðalbókari

Lilja Steinþórsdóttir
aðalendurskoðandi

Staðfesting forsætisráðherra

Með skírskotun til yfirlýsinga endurskoðenda og bankaráðs úrskurðast reikningurinn réttur.

Reykjavík, 29. mars 2000

Davíð Oddsson
forsætisráðherra

Til bankaráðs og bankastjórnar Seðlabanka Íslands.

Við höfum endurskoðað ársreikning Seðlabanka Íslands fyrir árið 1999. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar nr. 1 til 15. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum bankans og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt henni ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægileg vissa fáiast um að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur m.a. í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu bankans á árinu 1999 og efnahag hans 31. desember 1999 í samræmi við lög, reglur um reikningsskil og ársreikning Seðlabanka Íslands og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 24. febrúar 2000

Sigurður Þórðarson
ríkisendurskoðandi

Sævar Þór Sigurgeirsson
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur árið 1999

	Skýringar	1999	1998
Vaxtatekjur			
Af innlendum eignum		2.338.965	1.892.120
Af erlendum eignum		1.104.630	2.455.481
Gengishagnaður		0	206.859
		<u>3.443.595</u>	<u>4.554.460</u>
Vaxtagjöld			
Af innlendum skuldum		1.752.068	1.413.048
Af erlendum skuldum		253.978	428.966
Gengistap		182.544	0
Verðbreytingargjöld	1	390.920	191.485
		<u>2.579.510</u>	<u>2.033.499</u>
	Hreinar vaxtatekjur	864.085	2.520.961
Aðrar rekstrartekjur			
Aðrar rekstrartekjur	15	87.487	100.498
	Hreinar rekstrartekjur	951.572	2.621.459
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	13	566.091	544.285
Annar rekstrarkostnaður	14	281.799	366.469
Framlag í Vísindasjóð	1, 6	145.000	145.000
Framlag til Þjóðhagsstofnunar		59.848	56.036
		<u>1.052.738</u>	<u>1.111.790</u>
	Hagnaður (tap) fyrir óreglulega liði	(101.166)	1.509.669
Óreglulegar tekjur			
Endurmat vegna gulleignar	1, 3	1.017.574	0
	Hagnaður fyrir framlag til ríkissjóðs	916.408	1.509.669
Framlag til ríkissjóðs		<u>594.362</u>	<u>530.629</u>
	Hagnaður ársins	322.046	979.041

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

Seðlabanki Íslands

<i>EIGNIR</i>	Skýringar	1999	1998
Erlendar eignir			
Bankainnstæður		14.182.653	11.145.457
Gulleign	3	1.230.501	196.249
Verðbréf og ríkisvixlar		19.874.468	22.768.923
Gjaldeyrissaða og sérstök dráttarréttindi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn	5	1.844.182	1.024.072
Mótvirði innstæðna Alþjóðagjaldeyrissjóðsins	5	9.823.303	7.289.676
	Erlendar eignir	46.955.107	42.424.377
Innlendar eignir			
Peningar í sjóði og aðrar eignir		69.498	57.250
Innlánsstofnanir			
Verðbréf		1.361	1.944
Endurhverf verðbréf		29.518.311	18.089.362
Skammtímalán		0	1.508.403
		29.519.672	19.599.709
Aðrar fjármálastofnanir			
Markaðsskráð verðbréf		3.103.765	3.035.749
Endurhverf verðbréf		6.568.681	4.733.862
		9.672.446	7.769.611
Ríkissjóður og ríkisstofnanir			
Ríkissjóður, viðskiptareikningur		624.401	114.756
Markaðsskráð verðbréf		3.350.124	3.098.410
Markaðsskráðir ríkisvixlar		0	1.788.960
		3.974.525	5.002.126
Aðrir aðilar			
Ýmsir reikningar		13.490	8.734
Verðbréf		85.998	113.129
		99.488	121.863
	Innlendar eignir	43.335.629	32.550.559
Eignir alls		90.290.736	74.974.936

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

Efnahagur 31. desember 1999

<i>SKULDIR OG EIGIÐ FÉ</i>			
	Skýringar	1999	1998
Erlendar skuldir			
Til skamms tíma		3.721.065	3.954.134
Til langs tíma.....		1.179.004	5.118.882
Mótvirði sérstakra dráttarréttinda við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn		1.637.823	1.609.031
Innstæða Alþjóðagjaldeyrissjóðsins v/kvóta.....	5	9.823.303	7.289.676
	Erlendar skuldir	16.361.195	17.971.723
Innlendar skuldir			
Seðlar og mynt		8.660.543	7.574.022
<i>Innlánsstofnanir</i>			
Almennar innstæður		6.605.946	2.305.479
Bindireikningar.....		17.274.461	10.682.937
Bundnir gjaldeyrisreikningar.....		3.623.231	0
		27.503.638	12.988.416
<i>Aðrar fjármálastofnanir</i>			
Almennar innstæður		430.273	2.062.680
Bindireikningar.....		1.847.976	1.906.211
Bundnir gjaldeyrisreikningar.....		0	159.002
		2.278.249	4.127.893
<i>Ríkissjóður og ríkisstofnanir</i>			
Ríkissjóður, viðskiptareikningur		9.852.524	9.932.003
Ríkisstofnanir		764.078	245.557
Gjaldeyrisreikningar		4.933.246	2.995.491
		15.549.848	13.173.051
<i>Aðrar skuldir</i>			
Vísindasjóður.....		145.000	145.000
Ríkissjóður	8	598.364	530.629
Ýmsir aðilar		178.765	175.824
Lífeyrisskuldbindingar	7	332.721	318.930
		1.254.850	1.170.383
	Innlendar skuldir	55.247.128	39.033.765
Eigið fé			
Stofnfé		1.000	1.000
Arðsjóður.....	6	1.701.750	1.556.750
Annað eigið fé		16.979.663	16.411.698
	Eigið fé	18.682.413	17.969.448
Skuldir og eigið fé		90.290.736	74.974.936
Skuldbindingar utan efnahags	12		

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

Skýringar við ársreikning Seðlabankans 1999

Reikningsskilaaðferðir

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við ákvæði laga nr. 113/1996 um viðskiptabanka og sparisjóði, reglur um reikningsskil og ársreikning Seðlabanka Íslands og góða reikningsskilavenju. Reglur nr. 67 um reikningsskil og ársreikning Seðlabanka Íslands voru settar 3. febrúar 2000 og gilda frá og með reikningsárinu 1999.
 - Samkvæmt lögum um Seðlabanka Íslands skal árlegt framlag í arðsjóð nema a.m.k. 40 millj. króna miðað við verðlag í árslok 1984. Í lögnum er einnig kveðið á um ávöxtun arðsjóðs. Helmingur árlegra tekna arðsjóðs rennur í Vísindasjóð. Samkvæmt nýjum reglum um reikningsskil Seðlabanka Íslands gjaldfærist framlag, nú að upphæð kr. 145 millj., í Vísindasjóð í rekstrarreikningi og skuldfærist í efnahagsreikningi. Annað framlag í arðsjóð millifærist af öðru eigin fé bankans. Hefði sömu reikningsskilaaðferð verið beitt og árið áður færðist yfir rekstur kr. 290 millj. í stað kr. 145 millj. Sjá einnig skýringu nr. 6.
 - Hefði sömu reikningsskilaaðferðum verið beitt og áður hefði halli á árinu án framlags til ríkissjóðs orðið kr. 778 millj.
 - Eignir bankans eru nú allar færðar á markaðsverði þar sem við á. Gulleign bankans er færð til markaðsverðs 31. desember 1999, en var áður færð á SDR 35 únsan. Hefði sömu reikningsskilaaðferð verið beitt og áður hefði gulleign bankans verið um 1 ma. kr. lægri í árslok. Sjá einnig skýringu nr. 3.
 - Verðbreytingafærsla er nú reiknuð til samræmis við hinar nýju reglur um reikningsskil Seðlabanka Íslands. Stofn til útreiknings hennar miðast annars vegar við stöðu gengistryggðra efnahagsliða og er þá miðað við breytingu á gengi SDR á árinu og hins vegar við stöðu efnahagsliða í íslenskum krónum og er þá miðað við breytingu á neysluverðsvísitölu á árinu. Verðbreytingagjöld ársins þannig reiknuð sem færast til gjalda í rekstrarreikningi eru kr. 391 millj., en hefðu verið kr. 923 millj. skv. þeirri aðferð sem áður var beitt.
 - Gengistryggðar eignir og skuldir bankans eru færðar á kaupgengi í árslok. Gengishagnaður eða -tap er fært í rekstrarreikning undir samsvarandi liðum.
 - Í verðtryggðum eignum og skuldum bankans eru meðtaldar áfallnar verðbætur í árslok og er í því sambandi miðað við viðeigandi vísitölur í janúar 2000. Í rekstrarreikningi eru verðbætur færðar með vöxtum af innlendum lánum og innstæðum.
 - Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna er gjaldfært í rekstrarreikningi á kaupári.

Eignarhlutir

2. Seðlabanki Íslands á 1.000 hluti í Alþjóðagreiðslubankanum (Bank for International Settlements), sem verðlagðir eru á 2.500 gullfranka hver hlutur. Fjórðungur bréfanna hefur verið greiddur samtals að verðmæti kr. 88 millj.

- Eignarhlutur bankans í tveimur hlutafélögum er færður undir liðnum aðrir aðilar/ýmsir reikningar í efnahagsreikningi. Þetta eru 15% hlutur í Snorrabraut 29 hf., Fræðslumiðstöð bankanna, að fjárhæð 2,7 millj. kr. og 5,6 millj. kr. sem svarar til 16% hlutar í Verðbréfaþingi Íslands hf.

3. Í árslok 1999 voru erlendar eignir bankans 46.955 millj. kr. en 42.424 millj. kr. í lok ársins á undan. Meðtalin í þessari stöðu er gulleign bankans sem var 58.596 únsur. Gulleignin var í árslok 1998 metin á SDR 35 únsan eða á kr. 3.410. Gullið er í árslok 1999 metið á síðasta markaðsverði í London sem var USD 290,25 únsan eða kr. 20.999. Heildareign bankans í gulli nam í árslok 1999 1,2 ma. króna. Gulleign bankans jókst lítillega á árinu, sem samsvarar leigutekjum ársins, en gullið er að mestum hluta leigt út.

Erlendar eignir og gulleign

4. Í samræmi við 3. gr. reglna nr. 67 um reikningsskil og ársreikning Seðlabanka Íslands eru varanlegir rekstrarfjármunir gjaldfærðir á kaupári eða byggingarári. Þeir koma því ekki fram í efnahagsreikningi.

Í árslok 1999 átti bankinn eftirtaldar fasteignir, sem voru metnar þannig (í m.kr.):

	<i>Fast.- og lóðamat</i>	<i>Tryggingamat</i>
Kalkofnsvegur 1	1.741	2.442
Einholt 4	156	197
Ægisíða 54 (50%)	17	20
Aðrar eignir	9	17
	<hr/>	<hr/>
	1.923	2.676

Að auki átti bankinn eftirtalda fjármuni í árslok 1999, sem voru metnir þannig (í þús. kr.):

Bífreiðar – kostnaðarverð	28.259
Vélar, tölvur, listaverk, húsbúnaður – tryggingamat	334.082
Bóka- og myntsafn – tryggingamat	94.990
	<hr/>
	457.331

5. Kvóti Íslands við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn nam 117,6 millj. SDR í lok ársins 1999, en hann var aukinn um 32,3 millj. SDR á árinu. Heildarinnstæða sjóðsins hjá bankanum nam 99 millj. SDR í árslok. Gjalddeyrissæða bankans við sjóðinn nam 18,6 millj. SDR. Úthlutun sérstakra dráttarréttinda við sjóðinn var 16,4 millj. SDR.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn

6. Arðsjóður, sem talinn er með eigin fé, greinist þannig á árinu 1999 (í millj.kr.):

Arðsjóður

	<i>M.kr.</i>
Staða í ársbyrjun	1.556,8
Framlag í arðsjóð	167,0
Vextir og verðbætur	123,0
Framlag til Vísindasjóðs	<u>(145,0)</u>
Staða í árslok	<u>1.701,8</u>

Eftirlaunaskuldbindingar

7. Gengið var frá eftirlaunaskuldbindingum vegna fyrrverandi bankastjóra og maka þeirra á árinu 1999. Samkvæmt mati tryggingarstærðfræðings námu skuldbindingar Seðlabanka Íslands vegna eftirlauna samtals 332,7 millj. kr. í árslok 1999. Eftir færslu verðbóta fyrir árið 1999 að fjárhæð 16,9 millj. kr. er framlag bankans árið 1999 83,7 millj. kr. Heildargjöld vegna eftirlaunaskuldbindinga árið 1999 eru því um 100,6 millj. kr.

Framlag til ríkissjóðs

8. Framlag til ríkissjóðs er skv. lögum 50% af meðalhagnaði næstliðinna þriggja ára, að frádregnu framlagi í arðsjóð og verðbótum og vöxtum af honum. Afkoma hvers árs er í þessu sambandi færð til meðalverðlags 1999. Framlag vegna ársins 1999 er 594,4 millj. kr.

Eigið fé

9. Í árslok 1999 nam eigið fé bankans 18.682,4 millj. kr. en 17.969,4 millj. kr. í árslok 1998. Hækkunin skýrist á eftirfarandi hátt (í millj.kr.):

	<i>M.kr.</i>
Eigið fé í ársbyrjun	17.969,5
Arðsjóður í ársbyrjun	<u>(1.556,8)</u>
	16.412,7
Framlag í arðsjóð	(145,0)
Verðbreytingargjöld	390,9
Afkoma ársins	<u>322,0</u>
	16.980,6
Arðsjóður í árslok	<u>1.701,8</u>
Eigið fé í árslok	<u>18.682,4</u>

Meðal eigin fjár er stofnfé bankans að fjárhæð 1 milljón króna og er það óbreytt frá stofnun hans á árinu 1961 en framreiknað verðmæti þess í árslok 1999 er um 1,3 milljarðar króna.

Þróun á afkomu bankans

10. Á síðastliðnum fimm árum hefur eigið fé bankans breyst eins og eftirfarandi tafla sýnir (tölur í millj. króna á verðlagi hvers árs):

	1995	1996	1997	1998	1999
Eigið fé í ársbyrjun	14.734	14.969	15.435	16.654	17.969
Arðsjóður í ársbyrjun	(992)	(1.127)	(1.267)	(1.412)	(1.557)
	13.742	13.842	14.168	15.242	16.412
Framlag í arðsjóð					(145)
Verðbreytingagjöld	223	285	287	191	391
Hagnaður fyrir framlag	681	463	1.181	1.510	916
Framlag til ríkissjóðs	(804)	(422)	(394)	(531)	(594)
	13.842	14.168	15.242	16.412	16.980
Arðsjóður í árslok	1.127	1.267	1.412	1.557	1.702
Eigið fé í árslok	14.969	15.435	16.654	17.969	18.682
Heildareign í árslok (millj. kr.)	60.859	60.026	64.411	74.975	90.291
Hlutfall eigin fjár og heildareigna í %	24,6	25,7	25,9	24,0	20,7

11. Á árinu 1999 var bankastjórn skipuð tveimur bankastjórum. Laun og þóknanir til bankaráðs og bankastjórnar námu 25 millj. kr. á árinu 1999.
12. Seðlabanki Íslands er skuldbundinn til að greiða útistandandi 75% af heildarandvirði hlutabréfa í BIS (Bank for International Settlements) kalli Alþjóðagreiðslubankinn eftir því. Sú fjárhæð nemur kr. 263 millj.
- Í gildi er samningur um skammtíma lánaþyrngreiðslu við seðlabanka Norðurlandanna að Finnlandi undanskildu. Seðlabankinn hefur skv. honum skuldbundið sig til að lána allt að 100 millj. evra, en getur fengið að láni allt að 200 millj. evra.
 - Aðild Seðlabanka Íslands að Reiknistofu bankanna er ekki eignfærð í ársreikningi. Að formi til er um að ræða sameiginlegan rekstur á vegum allra banka landsins samkvæmt samningi þar um.

Laun og þóknanir til yfirstjórnar

Liðir utan efnahagsreiknings

	1999	1998
	Þús. kr.	Þús. kr.
Rekstrarkostnaður		
Seðlabankans		
13.		
Laun og launatengd gjöld		
Laun	366.375	385.362
Yfirvinna	27.706	28.783
Bifreiðastyrkir	14.616	16.085
Eftirlaunagreiðslur	0	27.803
Framlag til lífeyrisskuldbindinga	83.688	6.371
Launatengd gjöld	73.706	79.881
	<u>566.091</u>	<u>544.285</u>
Annar		
rekstrarkostnaður		
14.		
Aðkeypt þjónusta		
Sérfræðistörf	2.058	3.458
Póst- og símgjöld	11.056	9.954
Tryggingar	5.102	5.371
Auglýsingar	2.692	5.158
Upplýsingamiðlun	13.595	14.224
Tölvuvinnsla	35.395	13.234
Öryggisvarsla	7.373	7.218
Aðkeyptur akstur	1.603	2.231
	<u>78.874</u>	<u>60.848</u>
Eignir og lausafjármunir		
Húsnæði	1.486	2.031
Rafmagn og hiti	8.039	8.569
Hreingerningar og ræstivörur	4.543	4.188
Viðhald o.fl.	10.742	11.036
Tölvu- og skrifstofubúnaður	13.450	17.420
Viðhald og viðgerð búnaðar	4.731	6.031
Bóka- og myntsafn, listaverk	8.945	10.300
Bifreiðar	1.950	3.192
Bifreiðarekstur	2.936	3.690
	<u>56.822</u>	<u>66.457</u>
Ýmsir rekstrarliðir		
Ritföng, prentun o.fl.	4.477	4.784
Gestamóttaka og fundahöld	6.979	10.680
Ferðakostnaður	20.569	27.264
Fræðslumál	12.292	10.527
Starfsmannaþjónusta	8.291	12.379
Útgáfustarfsemi	9.789	8.606
Óskiptur kostnaður	5.240	5.530
	<u>67.636</u>	<u>79.770</u>

	1999	1998
	Þús. kr.	Þús. kr.
Sérstakir rekstrarliðir		
Kostnaður við seðla og mynt	37.752	59.410
Sérstök verkefni og fjárframlög	10.006	20.039
Framlag í arðsjóð og Vísindasjóð		48.643
Fasteignagjöld	30.709	31.302
	<u>78.467</u>	<u>159.394</u>
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>281.799</u>	<u>366.469</u>
15.		
Húsaleiga	37.874	34.539
Tekjur af verðbréfasölu	34.209	41.994
Aðrar tekjur	15.404	23.965
	<u>87.487</u>	<u>100.498</u>

Aðrar rekstrartekjur

VIÐAUKAR

FJÁRMÁLAANNÁLL 1999

Janúar

Samkvæmt lögum nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi tók ný stofnun, Fjármálaeftirlitið, til starfa 1. janúar. Fjármálaeftirlitið tók við hlutverki bankaeftirlits Seðlabanka Íslands og Vátrygginga-
eftirlits.

Um áramótin var Verðbréfaþingi Íslands breytt úr sjálfseignarstofnun í hlutafélag. Formbreytingin er liður í að uppfylla kröfu laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða nr. 34/1998 sem sett voru í apríl 1998.

Íbúðalánasjóður seldi húsnæðisbréf að söluverðmæti 2,4 milljarðar króna, salan skiptist jafnt á milli flokkanna BN20-0101 og BN38-0101.

Bandaríska matsfyrirtækið Moody's Investors Service gaf FBA láns-
hæfiseinkunnina A-3 á skuldbindingar til langs tíma, P-2 á skuldbindingar til skamms tíma og D fyrir fjárhagslegan styrk.

Hinn 15. janúar birti Seðlabanki Íslands verðbólguþá sem gerði ráð fyrir að meðalhækkun verðlags yrði 1,9% milli árana 1998 og 1999 en hækkun frá upphafi til loka árs 1999 yrði 2,2%. Spáð var að verðlag á fyrsta ársfjórðungi myndi hækka um 0,6% eða 2,2% á ársgrundvelli.

Hinn 28. janúar birti Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (IMF) álit sendinefndar sinnar á íslensku efnahagslífi. IMF spáir 5,6% hagvexti á þessu ári og 4,7% á næsta ári. Gert er ráð fyrir 3,5% verðbólgu á þessu ári og 3,2% á því næsta.

Febrúar

Hinn 18. febrúar tóku gildi reglur um viðskipti bindiskyldra lánastofnana við Seðlabanka Íslands. Þær komu í stað reglna um útreikning og

færslu vaxta o.fl. við Seðlabanka Íslands í viðskiptum við bindiskyldar stofnanir.

Hinn 18. febrúar undirrituðu aðilar að Verðbréfaþingi Íslands hf. samkomulag um bætur og uppgjör viðskipta á Verðbréfaþingi Íslands hf.

Hinn 23. febrúar hækkaði Seðlabanka Íslands vexti sína um 0,4 prósentustig.

Hinn 23. febrúar tilkynnti bankastjórn Seðlabankans um setningu reglna um laust fé bindiskyldra lánastofnana. Reglurnar tóku gildi 21. mars 1999.

Mars

Hinn 29. mars voru gerðar breytingar á reglum um laust fé bindiskyldra lánastofnana. Breytingarnar felast í því að aðlögunartími að endanlegu lausafjárhlutfalli er lengt í fjóra mánuði. Lágmarkslausafjárhlutfall á fyrsta eins mánaðar tímabili verður -12% en skal hækka um 3 prósentustig mánaðarlega uns það nær 1,5% 21. júlí 1999. Fyrsta útreiknings-tímabil samkvæmt reglunum er frá 21. mars til 20 apríl 1999.

Apríl

Hinn 21. apríl birti Seðlabanki Íslands verðbólguþá sem gerði ráð fyrir að meðalhækkun verðlags yrði 2,4% milli árana 1998 og 1999 en hækkun frá upphafi til loka árs 1999 yrði 2,8%. Spáð var að verðlag á öðrum ársfjórðungi myndi hækka um 1,0% eða 4,2% á ársgrundvelli.

Júní

Hinn 21. júní hækkaði Seðlabanki Íslands vexti sína um 0,5 prósentustig.

Hinn 25. júní var gengisskráningarvog breytt í ljósi samsetningar utanríkisviðskipta á árinu 1998.

Hinn 29. júní veitti viðskiptaráðuneytið Verðbréfaþingi Íslands hf. starfsleyfi til kauphallarstarfsemi frá og með 1. júlí 1999.

Bandaríska matsfyrirtækið Moody's Investors Service gaf Búnaðarbanka Íslands hf. einkunnina A3 fyrir langtímaskuldbindingar, Prime-2 fyrir skammtímaskuldbindingar og D fyrir fjárhagslegan styrk.

Júlí

Hinn 22. júlí birti Seðlabanki Íslands verðbólguþá sem gerði ráð fyrir að meðalhækkun verðlags yrði 3,0% milli árana 1998 og 1999 en hækkun frá upphafi til loka árs 1999 yrði 4,0%. Spáð var að verðlag á þriðja ársfjórðungi myndi hækka um 1,3% eða 5,2% á ársgrundvelli.

Ágúst

Útgáfu Economic Statistics var hætt.

September

Útgáfu Hagtalna mánaðarins var hætt. Í stað þeirra og Economic Statistics sem síðast komu út í ágúst ákvað Seðlabanki Íslands að gefa út ársfjórðungsrit á íslensku og ensku, Peningamál og Quarterly Monetary Bulletin, frá nóvember 1999.

Hinn 15. september tilkynnti Lánasýsla ríkisins um fyrirhuguð uppkaup og fækkun markflokka ríkisverðbréfa.

Hinn 20. og 21. september hækkaði Seðlabanki Íslands vexti sína um 0,6 prósentustig.

Kreditkort hf. fékk starfsleyfi sem lánastofnun á grundvelli laga um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði (nr. 123/1993).

Október

Hinn 25. október birti Seðlabanki Íslands verðbólguþátt sem gerði ráð fyrir að meðalhækkun verðlags yrði 3,3% milli ára 1998 og 1999 en hækkun frá upphafi til loka árs 1999 yrði 4,6%. Spáð var að verðlag á fjórða ársfjórðungi myndi hækka um 1,0% eða 4,1% á ársgrundvelli.

Ríkissjóður seldi 51% hlut sinn í FBA. Söluverðmætið nam 9,7 ma.kr. Hinn 25. október hóf Seðlabanki Íslands að birta á heimasíðu sinni, www.sedlabanki.is tölfræðilegar upplýsingar um íslenskt efnahagslíf og varða þær einkum þá þætti sem heyra beint undir verksvið bankans. Upplýsingarnar eru uppfærðar vikulega.

Nóvember

Hinn 24. nóvember kom út fyrsta tölublað Peningamála. Peningamál eru gefin út ársfjórðungslega og innihalda umfjöllun um efnahags- og peningamál og þróun á fjármálamarkaði auk greina og talnalegra upplýsinga.

Desember

Í desember fór fram sala á 15% hlut ríkissjóðs í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. Bréfin voru seld með áskriftar- og útboðsfyrirkomulagi. Söluverðmætið nam tæpum 6 ma.kr.

Bandarísku matsfyrirtækin Moody's Investors Service og Standard & Poor's staðfestu mat sitt á lánshæfi íslenska ríkisins. Lánshæfis-einkunnirnar eru Aa3 og A+ á langtímskuldbindingum og P-1/A-1+ á skammtímskuldbindingum í erlendri mynt. Á skuldbindingar í íslenskum krónum fékk ríkið hæstu einkunn, Aaa frá Moody's og einkunnina AA+ frá Standard & Poor's.

Hinn 8. desember voru samþykkt á Alþingi lög nr. 90/1999 um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum. Ákvæði laganna tekur til þeirra greiðslukerfa sem rekin eru hér á landi.

Hinn 21. desember voru samþykkt á Alþingi lög nr. 96/1999 um breytingu á lögum nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, með síðari breytingum. Breytt var 8. gr. laganna, sem fjallar um laust fé, á þann veg að skilgreining á lausu fé lánastofnana var rýmkuð.

Hinn 31. desember tóku gildi nýjar reglur um laust fé bindiskyldra stofnana. Nýju reglurnar byggja á öðrum grunni en þær eldri og fela í sér að fram fer heildarmat á lausafjáreignum og lausafjárskuldbindingum lánastofnana.

FRÉTTIR SEDLABANKA ÍSLANDS ÁRIÐ 1999

Nr. 1	5. janúar	Endurhverf verðbréfakaup fyrir 13,8 ma.kr.
- 2	12. janúar	Endurhverf verðbréfakaup fyrir 5,4 ma.kr.
- 3	13. janúar	Helstu liðir í efnahagsreikningi S.Í.
- 4	15. janúar	Verðbólguþá Seðlabanka Íslands
- 5	19. janúar	Endurhverf verðbréfakaup fyrir 15,1 ma.kr.
- 6	26. janúar	Endurhverf verðbréfakaup fyrir 5,5 ma.kr.
- 7	2. febrúar	Endurhverf verðbréfakaup fyrir 14,5 ma.kr.
- 8	3. febrúar	Álit sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins
- 9	5. febrúar	Helstu liðir í efnahagsreikningi S.Í.
- 10	9. febrúar	Endurhverf verðbréfakaup fyrir 5,5 ma.kr.
- 11	16. febrúar	Endurhverf verðbréfakaup fyrir 9,8 ma.kr.
- 12	23. febrúar	Seðlabanki Íslands hækkar vexti og leggur lausafjárkvöð á lánastofnanir
- 13	23. febrúar	Endurhverf verðbréfakaup fyrir 4,9 ma.kr.
- 14	2. mars	Endurhverf verðbréfakaup fyrir 9,4 ma.kr.
- 15	4. mars	Helstu liðir í efnahagsreikningi S.Í.
- 16	8. mars	Greiðslujöfnuður við útlönd 1998
- 17	9. mars	Endurhverf verðbréfakaup fyrir 7,4 ma.kr.
- 18	16. mars	Endurhverf verðbréfakaup fyrir 9,3 ma.kr.
- 19	23. mars	Endurhverf verðbréfakaup fyrir 5,5 ma.kr.
- 20	30. mars	Endurhverf verðbréfakaup fyrir 8,5 ma.kr.
- 21	6. apríl	Endurhverf verðbréfakaup fyrir 6,9 ma.kr.
- 22	8. apríl	Helstu liðir í efnahagsreikningi S.Í.
- 23	13. apríl	Endurhverf verðbréfakaup fyrir 9,1 ma.kr.
- 24	20. apríl	Endurhverf verðbréfakaup fyrir 4,4 ma.kr.
- 25	21. apríl	Verðbólguþá Seðlabanka Íslands
- 26	27. apríl	Endurhverf verðbréfakaup fyrir 9,7 ma.kr.
- 27	4. maí	Endurhverf verðbréfakaup fyrir 6 ma.kr.
- 28	6. maí	Helstu liðir í efnahagsreikningi S.Í.
- 29	11. maí	Endurhverf verðbréfakaup fyrir 6,7 ma.kr.
- 30	18. maí	Endurhverf verðbréfakaup fyrir 5,8 ma.kr.
- 31	21. maí	Umræða í framkvæmdastjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um íslensk efnahagsmál
- 32	25. maí	Endurhverf verðbréfakaup fyrir 6,7 ma.kr.
- 33	1. júní	Endurhverf verðbréfakaup fyrir 5,1 ma.kr.
- 34	4. júní	Helstu liðir í efnahagsreikningi S.Í.
- 35	8. júní	Endurhverf verðbréfakaup fyrir 7,7 ma.kr.
- 36	15. júní	Seðlabanki Íslands hækkar vexti
- 37	15. júní	Endurhverf verðbréfakaup fyrir 6,1 ma.kr.
- 38	18. júní	Greiðslujöfnuður við útlönd janúar-mars 1999
- 39	22. júní	Endurhverf verðbréfakaup fyrir 9,3 ma.kr.
- 40	25. júní	Endurskoðun á gengisskráningargög krónunnar
- 41	29. júní	Endurhverf verðbréfakaup fyrir 7,2 ma.kr.
- 42	5. júlí	Helstu liðir í efnahagsreikningi S.Í.

- 43 6. júlí Endurhverf verðbréfa kaup fyrir 7,5 ma.kr.
- 44 13. júlí Endurhverf verðbréfa kaup fyrir 4,7 ma.kr.
- 45 20. júlí Endurhverf verðbréfa kaup fyrir 11 ma.kr.
- 46 22. júlí Verðbólguþá Seðlabanka Íslands
- 47 27. júlí Endurhverf verðbréfa kaup fyrir 5,9 ma.kr.
- 48 3. ágúst Endurhverf verðbréfa kaup fyrir 9,7 ma.kr.
